

Iðjubjálfinn

Fagblað iðjubjálfa



Framhaldsnám í Heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri



Námslínur í boði:

- Almennt svið
- Endurhæfing
 - diplómagráða í boði
- Geðheilbrigðisfræði
 - diplómagráða í boði
- Heilsugæsla í héraði, fræðileg
 - diplómagráða í boði
- Heilsugæsla í héraði, klínísk
- Krabbamein og líknarmeðferð
 - diplómagráða í boði
- Langvinn veikindi og lífsglíman
 - diplómagráða í boði
- Ljósmeður
 - heilbrigði kvenna
- Sálræn áföll og ofbeldi
- Stjórnun í heilbrigðisþjónustu
 - diplómagráða í boði
- Starfsendurhæfing
- Verkir og verkjameðferð
- Öldrun og heilbrigði



Hulda Sædís Bryngeirsdóttir

Hjúkrunarfræðingur MSc, aðjúntur við Háskólann á Akureyri og doktorsnemi.

Framhaldsnámið var að mínu mati bæði vel skipulagt og áhugavert. Fyrirlestrarnir, verkefnavinnan og síðast en ekki síst umræðurnar nýttust mér vel bæði persónulega og faglega. Námið reyndist vera kærkomin viðbót grunnmenntun mína og starfsreynslu. Háskólumhverfið er uppbyggjandi og starfsfólk háskólans er vingjarnlegt og hjálpsamt. Í náminu var fjölbreyttur hópur nemenda og þar mynduðust skemmtilegar umræður og góð vinátta. Námið og rannsóknavininn sem fylgdi í kjölfarið fól í sér ýmsa möguleika og varð upphafið að ýmsum jákvæðum breytingum í mínu lífi.

Viltu vita meira?

Áslaug Lind Guðmundsdóttir er verkefnastjóri og tekur vel á móti þér og öllum þeim fyrirspurnum sem þú kannt að hafa varðandi námið.

460 8483 – aslaug@unak.is

Námið er krefjandi, skemmtilegt og þverfaglegt. Áhersla er lögð á aukna sérþekkingu í heilbrigðisvísindum.

Allt að 30 ECTS óskilgreindar einingar eru metnar inn í fullt meistaranám úr fjögurra ára grunnnámi (240 ECTS einingar) af Heilbrigðisvísindasviði við HA eða HÍ (ef 5 ár eða skemur hafa liðið frá brautskráningu). Metnar einingar koma í stað valnámskeiða. Hægt verður að sækja um mat á óskilgreindum einingum fram til ársins 2026. Athugið að þetta á ekki við um viðbótardiplómanámið.

Námið veitir prófgráðuna meistaragráða í heilbrigðisvísindum – nema annað sé tilgreint.

Kæru lesendur.

Nú þegar sígur á seinni hluta ársins 2022 og heimurinn er að jafna sig eftir heimsfaraldur lítum við um öxl. Umræða um aðstæður á heilbrigðisstofnunum hefur verið áberandi og vinnuálag mikið og oft á tíðum ómanneskjulegt. Þá hefur álag í skólum og leikskólum landsins verið umtalsvert undanfarið og fara engir starfsmenn þar varhluta af því. Sífelld krafa um að hlaupa hraðar getur hæglega endað með því að einhverjum skriki fótur og streita kemur ekki aðeins niður á heilsu og lífsgleði starfsmanna heldur einnig á fjölskyldum þeirra. Iðjubjálfar þekkja vel hugtakið um jafnvægi í daglegu lífi og geta lagt sín á lóð á vogaskálarnar með hvatningu og valdeflingu að vopni. Við getum verið í framlínu forvarna og lykilstarfsmenn í endurhæfingu. Um leið getum við hugað að okkur sjálfum og munað eftir að setja súrefnisgrímuna á okkur fyrst til að geta verið til staðar fyrir alla hina.

Í blaðinu í ár fáum við að lesa um sögu fagsins okkar frá 1945 til ársins 1997, fáum að kynnast iðjubjálfum sem menntuðu sig erlendis og öðrum sem vinna í útlöndum og starfi iðjubjálfa í leik- og grunnskólum. Við fáum að skoða veggspjöld nemenda, skyggjast inn á málþing, lesa um nám á vettvangi og ýmislegt fleira.

Það er von ritnefndar að lesendur hafi gaman af og njóti þess að tylla sér niður með lesbrettið og glugga í blað okkar allra.

Góðar stundir.

Efnisyfirlit

Ritnefndarpistill.....	3
Pistill formanns.....	4-6
Viðtalið: Iðjubjálfast á hverjum degi.....	7-12
Saga fags og fræða, Iðjubjálfun á Íslandi 1945-1997.....	14-22
Geðdagurinn.....	23
Málþing Veltek: Sjálfbær þjónusta, sjálfstæðir notendur.....	24-27
Hlutverk iðjubjálfa í leikskólum.....	28-29
Fleiri iðjubjálfar í grunnskólum – öflugra skólustarf.....	30-32
Siðaregla 4,3 - Iðjubjálfi og samfélagið.....	32
Er ekki bara best að taka nema!.....	34
Dans- og hreyfimeðferð fyrir félagslega heilsu á Íslandi, tillaga að meðferðaráætlun.....	35-36
Nám á vettvangi	38-39
Skynvitund - að skilja eigin skynjun	40
Vöxtur og vegferð.....	41
Iðjubjálfun, starfsendurhæfing og náttúrameðferð.....	42-46
Nám í Svíþjóð, vinna á Íslandi.....	47
Iðjubjálfun í Búlgaríu.....	48-49
Veggspjöld nemenda.....	50-51

Iðjubjálfinn



Ritnefnd áskilur sér rétt til að
stytta texta og færa til betri
vegar. Vitna má í texta blaðsins
ef heimildar er getið.

Ritnefnd:

Erna Kristín Sigmundsdóttir,
formaður og ritstjóri
Árný Berglind Hersteinsdóttir
Guðrún Friðriksdóttir
Hafdis Bára Óskarsdóttir
Margrét Elva Sigurðardóttir

Fræðileg ritstjórn:

Gunnhildur Jakobsdóttir
Sara Stefánsdóttir
Sigrún Kristín Jónasdóttir

Prófarkarlesari:

Bjarni Björnsson

Stjórn ÍÞÍ:

Þóra Leósdóttir, formaður
Erna Sveinbjörnsdóttir, varaformaður
Katrín Ósk Aldan Gunnarsdóttir, gjaldkeri
Harpa Björgvinsdóttir, ritari
Björg Jónína Gunnarsdóttir, meðstjórnandi
Varamenn:
Stefán E. Hafsteinsson
Svava Arnardóttir

Forsíðumynd:

Margrét Elva Sigurðardóttir

Umbrot:

Sylvía Kristjánsdóttir



Kæra félagsfólk

Þegar haustlægðirnar hrúgast yfir landið erum við flest í óða önn að koma okkur í þá rútínu sem fylgir rökkriinu. Þá er gott að fá iðjubjálfaðann 2022 upp á skjáinn. Ferða-fólkið er mætt til landsins, fyllir gangstéttir borgarinnar og vegi landsbyggðarinnar. Stríðsátök vegna innrásar Rússa í Úkraínu vara enn og ekki útséð með hvenær þeim lýkur. Afleiðingar innrásarinnar eru skelfilegar. Fyrir utan mannfall á vígvellinum og eyðileggingu í bæjum og borgum þá eru milljónir hraktar á flóttu, að mestu konur og börn sem að auki eru í stöðugri hættu á að verða fyrir kynferðisofbeldi og mansali því kvenfyrirlitningin er allt um kring. Hér á litla Íslandi er kjaravetur framundan og komandi viðræður verða óneitanlega litaðar af aðstæðum í efnahagsmálum hér á landi og í Evrópu. Má þar nefna afleiðingar orkus-korts, verðbólgu og óvissu með efnahagsástandið næstu misserin. Þótt við sem þjóð eigum næga orku til að hita okkar hús þá hefur kreppa á meginlandinu áhrif hér, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Það er því mikilvægara en nokkru sinni að tryggja kaupmátt launafólks á næsta kjara-samningstímabili. Þá er einnig brýnt að standa vörð um styttingu vinnuvikunnar. Í því sambandi þarf að hafa hug-fast að þar sem innleiðingin hefur gengið vel er styttingin augljós kjarabót fyrir launafólk. Á hinn bóginn er ljóst að enn þarf að sníða kerfið til og breytingaferlið heldur áfram, sérstaklega hvað varðar launafólk í vaktavinnu og mönnun í leikskóla og búsetuþjónustu.

Kjaramálin

Í ljósi nýrra laga ÍþÍ hefur verið unnið að því að koma á lagg-irnar trúnaðarmannaráði. Í 18. grein segir: „Trúnaðarmannaráð er skipað trúnaðarmönnum og stjórn félagsins. Trúnaðar-mannaráð kys samninganefnd úr sínum röðum sem ásamt formanni og varaformanni félagsins fer með forsvar við undir-búning og gerð kjarasamninga. Formaður ÍþÍ skal alla jafna vera formaður samninganefndar félagsins.“ Í 14. grein segir jafnframt: „Stjórn skal beita sér fyrir því að trúnaðarmenn

séu kjörnir á vinnustöðum. Heimilt er að kjósa trúnaðarmenn fyrir félagssvæði eða hluta þess ef starfsfólk á vinnustöðum uppfyllir ekki skilyrði um fjölda.“ Til þess að stuðla að fjölgun trúnaðarmanna hafa verið haldnir félagsfundir þar sem hvatt er til þess að iðjubjálfar á vinnustöðum og félagssvæðum kjósi sér trúnaðarmenn. Að auki hefur verið sent ákall til félagsfólks um að kjósa trúnaðarmenn á sínum vinnustöðum eða félags-svæðum. Í kjölfarið verður trúnaðarmannaráð kallað saman og samninganefnd formuð.

Undirbúningur kjaraviðræðna er þegar hafinn á vettvangi BHM. Samningar flestra aðildarféлага eru lausir í mars 2023. Haldnir hafa verið fundir formanna og framkvæmdastjóra aðildarféлага þar sem hugmyndum er safnað og fyrstu drög að sameiginlegri kröfugerð mótuð. Mjög vel er haldið utan um þessa mikilvægu vinnu af hálfu kjaranefndar BHM og sér-fræðinga bandalagsins. Formannaráð sem samanstendur af formönnum 27 aðildarféлага bandalagsins hefur samþykkt til-lögu þess efnis að formaður BHM, Friðrik Jónsson, fái umboð til að leiða viðræður vegna komandi kjaraviðræðna. Þannig áréttar formannaráðið mikilvægi þess að aðildarfélagin vinni þétt saman að sameiginlegum baráttumálum og hagsmunum hvað varðar breiðu línurnar. Tryggja þarf verndun kaupmáttar, efndir hins gamla loforðs um jöfnun launa á milli markaða, sem samkomulag er um frá 2016, auk þess að taka markviss skref í átt að því að leiðrétta skakkt verðmætamat á störfum kvenna. Stofnaður hefur verið starfshópur um stöðu heilbrigðisstétta innan BHM sem mun beina sjónum að launasetningu félags-fólks innan aðildarféлага í heilbrigðisgreinum og stöðunni í menntun og mönnun. Það er því óhjákvæmilegt að taka samtal um grunnröðun starfa í stofnanasamningum hjá heil-brigðisstofnunum ríkisins. Vísbendingar eru um að störfum sérfræðinga sem tilheyra heilbrigðisstéttum sé almennt lægra raðað en öðrum með sambærilega menntun að baki.

Norrænn vettvangur

Formenn og varaformenn iðjubjálfafélaganna á Norðurlöndum hittust í raunheimum á fundi í Osló nú í lok september í fyrsta sinn síðan 2019. Þessir fundir eru haldnir árlega og standa í tæpa tvo daga. Norska iðjubjálfafélagið skipulagði dagskrána sem var fjölbreytt og gefandi. Hugmyndasagnfræðingur að nafni Tarjei Skirbekk hélt erindi um hnignun miðjunnar í stjórnmálum í Evrópu. Hann dró upp dökka mynd og ræddi orsakir og afleiðingar þess þegar öfgarnar, hvort heldur sem er til hægri eða vinstri, ná völdum samhliða dvínandi kosningaþátttöku. Lýðræðið er í hættu, og þessi þróun hefur ýmsar samfélagsbreytingar í för með sér sem hafa áhrif á lífsgæði og velferð okkar allra – þar með talið þátttöku á vinnumarkaði.

Anita Dyb Linge er norskur iðjubjálfi sem nýlega varði doktorsritgerð sína. Hún kynnti rannsóknina sem fjallar um starfsendurhæfingu og áhrif offitu, lífsstílsbreytinga og aðlögun umhverfisins á hvort fólk snýr aftur til vinnu eða ekki. Anita hefur birt fjölmargar fræðigreinar um efnið og hér má finna nánari upplýsingar um rannsóknir hennar. Seinni dagurinn hófst á fyrirlestri Henriks Dons Finsrud um þær áskoranir sem sveitarfélög í Noregi standa frammi fyrir vegna verkaskiptingar sjúkrahúsa og sveitarfélaga og lýðfræðilegrar þróunar. Henrik starfar við nýsköpun og greiningar hjá sambandi norskra sveitarfélaga. Í hnotskurn þá snýst málið um að með hlutfallslegri fjölgun aldraðra íbúa eykst þörfin á velferðarþjónustu en fólkinu sem vinnur störfin fækkar. Henrik kynnti mælitæki sem er ætlað að meta þörfina í framtíðinni. Tilteknar breytur og lýðfræðilegar upplýsingar eru settar inn í spálíkan og þannig má skoða líklega þróun. Hann sagði skammsýni stjórnmálafólks stórt vandamál og þess vegna væri of lítið gert og of seint gripið inn þegar vandinn er í raun fyrirséður.

Venju samkvæmt var ársfundur SJOT (Scandinavian Journal of Occupational Therapy) haldinn í tengslum við formannafundinn. Dagskrá var hefðbundin þar sem farið var yfir skýrslur og ársreikninga. Ferlið við að setja SJOT í opinn aðgang er í algleymingi og farið var yfir ýmsa þá þætti sem snúa að því. Stefnt er að opnum aðgangi 2023 en ljóst að aðlögun

að nýju líkani mun taka nánast allt árið. Engu að síður er það fagnaðarefni að ákvörðunin hefur verið tekin og þannig munu iðjubjálfar, hvar sem þeir starfa, hafa greiðan aðgang að nýjustu þekkingu innan fagsins. Gott aðgengi að upplýsingum á að vera sjálfsögð réttindi og ég hvet iðjubjálfa til að nýta sér þessa leið sem hluta af sinni starfsþróun – það er góð vinnuregla að lesa eina fræðigrein á viku og líta á það sem hluta af vinnunni! Þess má geta að SJOT er fyrsta ritrýnda fræðiritið innan iðjubjálfunarfagsins sem fer í opinn aðgang. Fulltrúi Íslands í ritstjórn er eftir sem áður Björg Þórðardóttir og í ritnefnd eiga sæti þær Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Árnadóttir iðjubjálfar ásamt öðru fræðafólki á alþjóðavísu. Við þökkum þeim kærlega fyrir þeirra mikilvæga framlag.

Fulltrúafundur WFOT og heimsráðstefna

Blásið var til 35. fulltrúafundar heimssambands iðjubjálfa (World Federation of Occupational Therapists - WFOT) í lok ágúst og var hann haldinn í París. Fundurinn stóð í fjóra daga og fulltrúar frá tæplega 70 löndum tóku þátt. Þess ber að geta að WFOT fagnar 70 ára afmæli í ár og að sjálfsögðu var haldið upp á það. Að fulltrúafundinum loknum var heimsráðstefnan sett. Þátttakendur voru á þriðja þúsund og fjöldi fyrirlestra á flestum sviðum iðjubjálfunar í boði. Það er gaman að segja frá því að alls 57 íslenskir iðjubjálfar mættu á ráðstefnuna en það er dágóður fjöldi miðað við höfðatölu. Fjórir íslenskir iðjubjálfar voru með erindi á ráðstefnunni en það voru þær Björg Þórðardóttir, Guðrún Árnadóttir, Snæfríður Þóra Egilson og Sonja Stelly Gústafsdóttir. Formaðurinn var frekar stoltur af félögum sínum og gerði þessu skil í máli og myndum á Facebook. Félagið stóð fyrir hittingi í Lúxemborgargarðinum á laugardagseftirmiðdegnum og á fjórða tug iðjubjálfa mættu þangað þrátt fyrir sól og kæfandi hita. Það var gefandi og notalegt að hitta svo marga.

Heilt yfir má segja að fjölgun aldraðra og geðheilsa barna og ungmenna hafi verið í brennidepli á WFOT-ráðstefnunni. Einnig var mikið rætt um afleiðingar náttúruhamfara og stríðsreksturs, þar með fjölgun fólks á flóttu og þörf fyrir þjónustu iðjubjálfa í flóttamannabúðum víðs vegar um heiminn. Í slíkum

aðstæðum reynir á útsjónarsemi og fagmennsku til að mæta þörfum fólks og skapa því tækifæri til að geta stundað daglega iðju. Aukin áhersla á iðjuréttlæti fólks og félagslega iðjubjálfun var skýr og víkkar sjóndeildarhring fagsins. Það sem stóð upp úr hjá mér voru hugleiðingar og skilaboð Karenar Hammel en hún ræddi umbúðalaust um hvernig kerfisbundnir kynþáttarfordómar og mismunun lita kenningar og líkön iðjubjálfunar. Ræturnar liggja meðal annars í nýlendustefnu, forréttinda-stöðu hvíta mannsins, kvenfyrirlitningu og hugmyndum okkar um „normal“. Það er siðferðisleg skylda iðjubjálfa að halda á lofti iðjuréttlæti sem hluta af mannréttindum. Hún lagði einnig áherslu á að heimssamband iðjubjálfa getur ekki verið ópólítískt – og ég er innilega sammála!

Fleiri iðjubjálfar útskrifast

Iðjubjálfum hér á landi fjölgar hægt og bitandi. Alls 16 kándídatar útskrifuðust 10. júní síðastliðinn sem iðjubjálfar úr starfsréttindanáminu. Íþí hélt móttöku að útskrift lokinni og þangað mættu nemendur, aðstandendur, kennarar og iðjubjálfar sem höfðu verið leiðbeinendur í vettvangsnámi. Nýútskrifaðir iðjubjálfar fengu vatnsflösku merktá féláginu og rós að gjöf. Við óskum þeim öllum enn og aftur til hamingju með áfangann.

Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu (Heilbrigðisþing, 2020) er skortur á iðjubjálfum á Íslandi og því brýnt að mennta fleiri til starfa. Góðu fréttirnar eru þær að aðsókn í námið við HA hefur aukist undanfarin ár og þróun í fjölda nemenda er upp á við: Árið 2018 voru nemendur 71, 2019 voru þeir 77, 2020 voru þeir 109 og á síðasta ári voru nemendur 130 talsins. Af þessu leiðir að von er á að mun fleiri fari í starfsréttindanám á næstu árum og allar líkur á að 25 nemendur fari í viðbótardiplómuna á næsta skólaári. Það er því alveg ljóst að vinnustaðir iðjubjálfa þurfa að bjóða fleiri nemendum upp á vettvangspláss.

Við iðjubjálfar erum háskólamenntaðir sérfræðingar á heilbrigðissviði og störfum sem slíkir víðs vegar í samfélaginu. Hluti af okkar skyldum sem heilbrigðisstarfsmenn er að viðhalda þekkingu okkar með sí- og endurmenntun en ekki síður með því að leiðbeina nemendum og nýútskrifuðum iðjubjálfum, við skulum hafa það hugfast. Það liggja mörg tækifæri í að taka að sér að leiðbeina nemum. Leiðbeinendur fá aðgang að námsefni sem til dæmis tengist hugmyndafræði og matstækjum sem nýtast í starfi iðjubjálfa. Einnig er víða á stofnunum hægt að sækja um að fá álagsgreiðslur meðan á leiðsagnartímabili stendur. Ég biðla til allra starfandi iðjubjálfa um að taka að sér að leiðbeina nemum í iðjubjálfun – oft var þörf en nú er nauðsyn – það þarf að fjölga plássum í vettvangsnámi!

Alþjóðlegur dagur

Alþjóðlegur dagur iðjubjálfunar er 27. október ár hvert. Samkvæmt hefðinni stóð fræðslunefnd Íþí fyrir málþingi í tengslum við daginn í samstarfi við stjórn félagsins. Þema alþjóðlega dagsins í ár var: Tækifæri + Val = Réttlæti. Með þessum orðum vill heimssamband iðjubjálfa vekja athygli á hvernig iðjubjálfun getur stuðlað að auknum tækifærum og valmöguleikum fyrir fólk og þannig lagt sitt af mörkum til réttlátara samfélags. Málþingið var vel sótt og haldið bæði í stað- og fjarfundi. Iðjubjálfar voru hvattir til að vekja athygli á alþjóðlega deginum á sínum vinnustöðum.

Að lokum vil ég óska öllu félagsfólki velfarnaðar í starfi og leik á komandi vetri, og einnig þakka fyrir störf og framlag í þágu félagsins. Munum að við erum sterk saman!

Kær kveðja, Þóra



Iðjubjálfast á hverjum degi

Kristín Einarsdóttir iðjubjálfi hefur sannarlega komið víða við á viðburðaríkum ferli. Hún lauk námi í Danmörku árið 1999, var fyrsti iðjubjálfinn starfandi á hjúkrunarheimili á Íslandi og síðan yfiriðjubjálfi á Landspítala í mörg ár. Hugurinn leitaði til útlanda, bæði í mikilvæg verkefni og nám, og nú er hún búsett í náttúruvin á dönsku eyjunni Mön. Við báðum Kristínu um að líta yfir farinn veg með okkur, segja frá ýmsu áhugaverðu á ferlinum og núverandi starfi.

Skemmtilegur en krefjandi innleiðingartími á hjúkrunarheimili

Kristín var fyrsti iðjubjálfinn til þess að setja á laggirnar iðjubjálfun á hjúkrunarheimili á Íslandi, eftir að hafa lokið námi árið 1999 frá iðjubjálfaskólanum í Kaupmannahöfn. Hún réðst til starfa á hjúkrunarheimilið Skógarbæ og það bættist fljótlega önnur starfsstöð við, vegna þess að Skógarbær tók yfir Viðines uppi á Kjalarnesi sem hafði verið meðferðarheimili fyrir karlmenn sem glímdu við áfengissýki og önnur vandamál, voru jafnvel heimilislausir. „Ég var þar í tæp 2 ár og byggði upp iðjubjálfun bæði á Skógarbæ og í Viðinesi og var með aðstoðarfólk, réði seinna inn annan iðjubjálfa þannig að þetta var orðið töluvert stór deild sem ég hafði til umráða,“ segir Kristín.



Þetta var skemmtilegur tími og gefandi, en um leið krefjandi að sögn Kristínar. „Það var ekki hægt að feta í fótspor annarra þar sem ekki voru starfandi iðjubjálfar á hjúkrunarheimili á þessum árum, svo ég sótti mikið þekkingu erlendis. Mest til Danmerkur þar sem ég þekkti til en einnig til Bandaríkjanna. Þar kynntist ég m.a. Eden Alternative og svo var hafist handa við að innleiða það inn á Skógarbæ sem varð þá fyrsta hjúkrunarheimilið sem innleiddi Eden inn í sitt búsetuform,“ lýsir hún.

Nýjungar og mótspyrna

Innleiðingin var þó sannarlega enginn dans á rósum og það fór gríðarlega mikil vinna í að koma þessu öllu á koppinn. „Eitt er að vera fyrsti iðjubjálfinn innan veggja hjúkrunarheimilis með þá hugmyndafræði í farteskinu að reyna að afstofnanavæða og setja fremur inn þá hugmyndafræði að við værum öll að vinna inni á heimili skjólstaðingsins eða heimilisfólksins, og hitt var að fá starfsfólkið með sér í þetta verkefni. Það reyndist mín stærsta áskorun, sér í lagi var starfsfólk í umönnun margt hvert fast í viðjum gamals vana og kúltúrs og átti ekki auðvelt með að venjast nýjum aðferðum. Ég hafði þá og hef í raun enn skilning á því, því breytingar taka tíma og á þessum tíma var mikið um ófaglært starfsfólk í umönnun en þetta hefur sem betur fer breyst allt til hins betra. En þarna stóð ég ungi iðjubjálfinn með stóra hjartað sem var tilbúinn að breyta heiminum á einum degi, þar sem ég vildi að starfsfólkið snæddi málsvæði með heimilisfólkinu, og aðstoðaði heimilismenn við að kjassa og kjá í þá hunda og ketti og fugla og annað sem ég var að koma með inn á deildirnar. Ég mætti þarna alveg gríðarlegri mótspyrnu. Ég get ekki annað en hlegið að sjálfri mér, hvatvísinni og ástríðunni í dag. Þetta var náttúrlega þínu bratt hjá mér,“ rifjar Kristín upp.

Svo fór að Kristín varð að draga til baka sumar nýjungarnar. „Ég hafði góðan öldrunarlækni, hann Jón Eyjólf Jónsson í mínu liði sem studdi mig eins og hann gat ásamt yfirstjórninni og svona en þetta gekk samt ekki upp og starfsfólkið hreinlega sumt hótadi að ganga út af vinnustaðnum, þannig að við ákváðum

í sameiningu að halda eingöngu vinnustofunum opnum og bjóða upp á iðjubjálfun þar. Dýrin voru send í Kattholt og á aðra staði og ég fór í smá fýlu og það varð til þess að mig fór að vanta frekari áskoranir, því ég þrífst á því að vinna í fram-sæknum verkefnum og koma þeim á koppinn,” útskýrir Kristín.

„Ég elskaði þó þennan tíma sem ég var að vinna á Skógarbæ og Víðinesi og náði að þróa margt sem enn er nýtt og það gleður alltaf hjarta mitt að sjá t.d. spurningaskemað sem ég bjó til og kallast Æviágrip enn vera notað og enn betra var þegar ég var í doktorsnámi í öldrunarfræðum að sjá að það er notað sem kennslugagn hjá félagsráðgjöfum,” bætir hún við.

Þrettán viðburðarík ár hjá LSH

Kristín fór að hugsa sér til hreyfings og tók árið 2001 við stöðu yfiriðjubjálfa á Landspítalanum í Fossvogi og síðar bættist Hringbrautin (bráðabjónustan) við. „Þar var auðvitað allt annað landslag og aðrar áskoranir og þar voru þegar mest lét held ég 15 eða 20 iðjubjálfar og mikil þverfagleg samvinna. Ég tók við stöðunni rétt eftir að Borgarspítalinn sameinaðist Sjúkrahúsi Reykjavíkur og fljótlega eftir að ég byrjaði urðum við Landspítali Háskólasjúkrahús. Ég var á LSH í 13 mjög skemmtileg ár. 50% af stöðunni var klínísk vinna með skjól-stæðingum, restin var stjórnun, klínísk þróun og fjárhagsleg ábyrgð á rekstri deildanna. Í mínu klíníska starfi starfaði ég mest á taugalækningadeildinni og var t.d. í MND-teymi LSH í 11 ár, ég var mikið á öldrunardeildinni sem og lungna-deildinni og gjörgæslu,” útskýrir hún.

Kristín segir það hafa verið eilífa baráttu að koma að góðum mat-stækjum á öldrunardeildinni. „Sjáðu til, þarna ferðu inn í stórt batterí sem að byggir á því raunverulega að það er alltaf verið að reyna að útskrifa fólk eins hratt og mögulegt er og í raun og veru stanslaust að meta hjúkrunarþyngd og þörf fyrir heimahjúkrun. Á LSH var notaður Bartel ADL Index og MMSE saman inni á öldrunar-deildunum. Við iðjubjálfarnir vorum alltaf að benda á að þetta væri kannski ekki alveg optimalt og að það væru til önnur og líklega betri matstæki til að meta iðjufærni – en þetta snýst um



hraða, því miður. Ég náði að senda eiginlega alla á A-one námskeið og þegar við gátum þá reyndum við að nota það en það skildi það enginn, menn vilja bara fá sínar tölur og útreikninga frá færnimötunum. Við gerðum okkar besta iðjurnar og vorum þér að segja orðnar ansi lunknar í að fá lækna og hjúkrunar-fólk til að lesa vel samantektina okkar í sjúkraskránni. Annað matstæki sem við reyndum að nýta okkur var Loewenstein Occupational Therapy Cognitive Assessment (LOTCA) og svo nýttum við okkur AMPS,” lýsir Kristín.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í þínu starfi?

„Mestu áskoranirnar eru að fá fólk til að hlusta, taka inn og trú á að þróun leiðir oftast til einhvers betra. Fólk á það til að festast í viðjum vanans og vera alveg þversum þegar breytingar eru framundan. Svo að reynsla mín við að nýta mér tæki breytingastjórnunar nýtast ágætlega hér.“

Sömuleiðis hafi tímaskortur verið vandamál. „Það er ekki tími til þess að vinna vel og þetta er eilíf frústra-sjón, því að maður tekur starfið sitt svo alvarlega sem iðjubjálfi og vill virkilega gera sitt allra besta en þú hefur kannski bara tímaramma sem eru hálfur dagur eða einn dagur og það er alltaf verið að finna leiðir til þess að útskrifa fólk. Eilíf pressa og alltaf þessi upplifun að þú sért raun-verulega bara að fleyta skánina ofan af grautnum. Engu að síður þori ég að lofa að við gerðum okkar besta, ég var alltaf með algjörlega frábært

starfsfólk mér við hlið sem lagði sig allt fram og vann undir erfiðum kringumstæðum. Toppfólk allt sem eitt. Annað sem gerði starfið gott var að það var almennt borin mjög mikil virðing fyrir okkar störfum sem iðjubjálfi og við útskriftir var okkar mat þungamiðjan í að útskrift færi fram. „Hvað segir

iðjubjálfinn? Getum við útskrifað?“ Við höfðum alltaf lokaorðið. Læknarnir báru mjög mikla virðingu, þó þeir skildu ekki alltaf hvað við vorum að gera, bara ef iðjubjálfinn gaf grænt ljós, þá var útskrift.“

Superman var fyrirmynd nýjunga

Kristín og félagar sinntu fjölmörgum verkefnum á LSH og reynslan byggði upp ákveðna sérþekkingu – í hennar tilfelli í tækniþróun og velferðartækni. „Líkt og ég hef nefnt þá var ég í mörg ár í MND-teyminu sem var og er ákaflega faglega flott teymi og ofboðslega flott þverfagleg vinna. Við vorum t.a.m. gjarnan fengin inn sem ráðgjafar í hin ýmsu sérverkefni. Eitt af þeim verkefnum sem ég kom að var ráðgjöf fyrir Velferðarráðuneytið þegar leggja átti frumvarp fyrir þingið um hvort einstaklingar með taugasjúkdóma ættu þess kost að geta framlengt líf sitt með því að tengjast við öndunarvél. Það fór í gegn hjá Alþingi 2010 ef mig misminnir ekki,“ rifjar hún upp.

Þá hafði Kristín töluvert komið að málefnum er vörðuðu að efla lífsgæði og iðjufærni þeirra sem voru barkaþræddir í öndunarvél. Ekki síst reyndi á það þegar farið var að barkaþræða drengi með Duchenne-sjúkdóminn og vélarnar betri og lífið hjá þessum einstaklingum. Fram að þessu höfðu flestir drengir með Duchenne látist í kringum tvítugsaldurinn, en tækninni fleygði fram á þessum árum.

„Allt í einu fer að verða ný vakning fyrir að það sé möguleiki að viðhalda og lengja líf með öndunarvél. Það sem varð til þess að við iðjubjálfnir fórum að láta okkur þennan málaflokk varða var að ungur piltur með Duchenne fer í öndunarvél og voru lífslíkur hans ekki taldar miklar í byrjun. Það sem svo gerist er að hann bara lifir, og sífellt kemur nýr dagur og það bjóst enginn við því og enginn vissi í raun hvað átti að gera við hann. Þessi piltur var aldrei með neina beiðni um iðjubjálfun,“ lýsir hún.

„Þar sem ég geng framhjá herberginu hans, á hverjum degi, þá sé ég hvar hann situr í hjólastól barkaþræddur í öndunarvél og er í raun bara plöggaður í vegginn – bara situr og horfir á sjónvarpið allan daginn. Það þorði enginn að taka úr sambandi og fara með hann fram á gang eða færa hann milli staða. Þarna

fórum við iðjubjálfnir að tala saman um að þetta gengi ekki, það hlyti að vera eitthvað hægt að gera. Það byrjaði þannig með þessum eina einstakling að við fórum að skoða, hvernig væri unnið með einstaklinga sem bundnir voru við öndunarvélar erlendis og okkar helsta fyrirmynd varð Christopher Reeves, leikarinn sem lék Superman í samnefndum kvikmyndum og sem hlotið hafði háan mænuskaða og lifði það af með því að verða barkaþræddur og í öndunarvél. Við í rauninni

afrituðum hans hjólastól og fórum í farsæla samvinnu við starfsfólkið á lungnadeildinni og við TR með þetta verkefni. Skemmst er frá því að segja að pilturinn útskrifaðist heim eftir hálft ár og átti eftir því sem ég best veit, nokkuð farsælt og viðburðaríkt líf við leik, nám og störf og síðan

þá hafa fjölmargir einstaklingar lifað með ágætis lífsgæði í öndunarvél,“ segir Kristín.

Kom upp hjálpertækjabanka í Mongólíu

Kristín tók þátt í mörgum fleiri verkefnum, t.d. um að koma á fót NPA, Notendastýrðri persónulegri aðstoð á Íslandi. Annað verkefni náði síðan langt út fyrir landsteinana. „Á þessum árum á LSH var ég mikið erlendis á ráðstefnum, bæði með erindi og sem þátttakandi og á einni slíkri MND-ráðstefnu í Japan, þá benti formaður MND-félagsins okkur á að lönd eins og Mongólía ættu engin hjálpertæki, engir hjólastólar í landinu þannig að í samvinnu við MND-félagið þá ákváðum við að setja af stað söfnun þar sem við tókum hjálpertæki sem var hætt að nota á Íslandi. Við gerðum samning við Sjúkratryggingar

Hvað er skemmtilegast?

„Þegar fólk fattar að breytingin sem var innleidd auðveldar þeim lífið og tilveruna.“





Íslands um að fá öll hjálpartæki sem voru afskrifuð og voru í góðu lagi, þau yfir fóru þau. Actavis styrkti okkur svo og við sendum 40 feta gám til Mongólíu og ég fór svo með teymi með mér, tvo hjúkrunarfræðinga sem voru sérhæfðir í öndunarvélum af því við tókum líka þannig vélar með okkur og tæknimenn og svo var gerð heimildarmynd um þetta á Stöð 2 – Kompás, tveir þættir árið 2007,” lýsir Kristín.

„Mitt markmið var, ég var alveg skýr með það af því ég leiddi þetta verkefni, að vera í samvinnu við stjórnsýsluna þarna, við vorum í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið í Mongólíu, ein sjúklingasamtök og svo vorum við sem komum þar að þessu með alla styrktaraðila. Markmiðið var að setja á laggirnar Hjálpartækjamiðstöð í formi hjálpartækjabanka, sem starfaði eins og bókasafn - inn og útlán. Það fór heljarinnar vinna í að útbúa klínískar leiðbeiningar og þjálfa sjálfboðaliða frá MND-samtökunum í Ulaanbaatar í Mongólíu. Þetta var auðvitað mögnuð reynsla og við erum þarna sofandi í mongólskum tjöldum og að upplifa aðstæður sem við höfðum aldrei dreymt um að fólk byggji við, í kofum í tæplega 40 stiga frosti. Það voru orð að sönnu, það voru engin hjálpartæki í landinu og við komum þessum hjálpartækjabanka á laggirnar,” heldur hún áfram.

Í kjölfar Mongólíuferðarinnar stofnaði Kristín hjálparsamtök, Humanity for Good, og farið var til fleiri landa. Til dæmis til Lettlands, sem var þá nýverið orðið Evrópusambandsríki, „en þetta var bara eins og að fara inn í gömlu Sovét, og í raun var Mongólía þannig líka, og vorum að hjálpa sjúklingasamtökum að stofna hjálpartækjamiðstöð og gefa þeim tæki líka,” útskýrir hún.

Verkefnin voru sannarlega mörg og krefjandi hjá Kristínu, og samhliða þessu öllu lauk hún meistaranámi í lýðheilsuvísindum með sérhæfingu í heilsu innflytjenda og flóttamanna og lagði áherslu á áhrif áfalla á iðju og heilsufar. Öll þessi vinna tók líka sinn toll, „og það er líka staðreynd að það er auðvelt að brenna út á LSH – álagið var gríðarlegt, það var auðvelt þá og er enn auðveldara núna – það veit ég fyrir víst. Eftir 13 ár, var ég eiginlega orðin alveg buguð og ég tók ákvörðun um að ljúka

störfum og huga að öðru og það var fyrir mig ákaflega skynsamleg ákvörðun og ég flutti til Írlands og fór beint í að taka annað meistaranám!“

Manstu eftir einhverju skoplegu sem þú vilt deila með lesendum?

„Já þú meinar eins og þegar ég rauk á Hugh Grant á Strikinu og faðmaði hann af því að ég var sannfærð hans kunnuglega ásjóna væri ásjóna einhvers skólabróður úr Víðó? Ekki vill maður nú vera þekktur fyrir að vera merkilegur með sig, þó ómannglögg sé!“

Velferðartækni og framsækin þróun

Kristín lauk meistaraþrófi innan félagsfræði- og heimspekideildarinnar í Trinity College í Dublin, í því sem kallast „Race, Ethnicity and Conflict Studies and International Peace Studies“ – kynþátta-, þjóðarbrota- og óeirðarannsóknir. „Ég var komin með svo mikinn áhuga á að starfa meira

að mannúðarmálum, en endaði á að vera í velferðartækni og tækniúrræðum í heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Eftir útskrift á Írlandi þá fór ég að vinna sem rannsakandi við læknadeildina við UCD-háskólann í Dublin og var að vinna við rannsóknir á starfsumhverfi, líðan og heilsu lækna – svona „employee health“ og skoða hvað mætti betur gera á vinnustöðum til að efla forvarnir og heilbrigði starfsmanna,” útskýrir hún.

Kristín bjó ásamt fjölskyldunni á Írlandi í nokkur ár, en býr nú á eyjunni Mön í Danmörku. „Það var meðvituð ákvörðun að kúpla sig svolítið út úr stórborgarlífinu, einfalda allt og fara að

rækta sitt eigið land og vera sjálfbær með matvæli að mestu. Ég er með hænur hérna og fullt af dýrum og hér búum við á þessari fallegu UNESCO Biosphere-eyju í Eystrasaltinu í húsi með strápaki frá árinu 1700 og mér hefur sjaldan liðið betur!“

Framsækin ráðgjafastörf í ýmsum löndum

Þegar Kristín var flutt til Manar hóf hún að sinna ráðgjöf til sveitarfélaga og til að kenna við Professionalhögskolen Absalon námskeið sem heitir „Innovative health solutions“ og er þverfaglegt framhaldsnám fyrir iðjupjálfa, sjúkraþjálfara, hjúkrunarfræðinga og lækna sem vilja læra um framsækna tækniþróun í heilbrigðismálum. „Sú ráðgjöf sem ég veitti innan sveitarfélaga í Danmörku spannaði allt frá því að taka að mér fræðslumál allra iðjupjálfa í Guldborgsund Kommune yfir í að veita ráðgjöf er vörðugu einmanaleika karlmanna á aldrinum 65 og upp úr í Sorö Kommune. Ég var einnig í sérverkefnum og prófunum á tækniúrlausnum inni í spítalakerfinu fyrir einka-fyrirtæki,“ lýsir hún.

Núna starfar Kristín sem „innovative health consultant“ eða ráðgjafi í nýsköpun í heilbrigðis- og velferðarþjónustu fyrir hið íslenska fyrirtæki Kara Connect og sér um erlendan markað fyrir þau, hingað til mest á Írlandi, að innleiða Köru inn í írsku heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfið og þróa ný verkefni. „Ég hef störf fyrir Kara Connect árið 2020 og átti það upphaflega að vera stutt verkefni til þriggja mánaða, þar sem ég kæmi að ráðgjöf og innleiðingu Köru inn á írsku markaðinn. Það gekk svo glimrandi að ég er nú komin í fullt starf og þar með er starfið hjá Kara orðið mitt aðalstarf.“

Fyrst og fremst iðjupjálfi í hjartanu

Heimsfaraldurinn hafði víðtæk áhrif á ýmsum sviðum. „Breyttar aðstæður hjálpuðu fyrirtækjum eins og Köru sem sérhæfa sig í öruggum tæknilausnum fyrir starfsfólk í heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Við erum mikið að vinna í innri miðlun eða velferðartorgum fyrir fyrirtæki og huga að heilsu og velferð starfsmanna og það er eitthvað sem ég brenn mikið fyrir. Við vitum nú t.d. að covid hefur haft veruleg áhrif á kulnun, álag í starfi, áhuga, orku og hugræna þreytu og að $\frac{2}{3}$ af þeim sem upplifa kulnun eru konur með meðalaldur 45 ár,“ útskýrir Kristín.



„Hjá Köru erum við alltaf að vinna að því að einfalda aðgengi að stuðningi og geðheilbrigðismeðferð. Hugtakið geðheilbrigði vísar hér í fjölda áskorana í daglegu lífi hjá starfsfólki. Rannsóknir sýna að 70% starfsfólks sem þarf á aðstoð að halda þarf ekki stuðning heilbrigðisstarfsmanna heldur annars konar stuðning eða hjálp og þar komum við inn í. Þessi verkefni erum við að vinna bæði á Íslandi og á Írlandi þar sem við erum t.a.m. að auðvelda aðgengi 260.000 írskra starfsmanna hinna ýmsu stórfyrirtækja að þverfaglegum meðferðarúrræðum í gegnum Kara Connect. Þetta er alveg stórkostlega flott verkefni sem ég er stolt af að taka þátt í,“ segir Kristín.

Þrátt fyrir margt nýtt og framandi er iðjupjálfunarhugsjónin ávallt til staðar hjá Kristínu. „Ég upplifi að ég sé í raun að iðjupjálfast á hverjum degi vegna þess að lykilfókusinn er eftir sem áður að auðvelda aðgengi að hjálp svo það geti stundað sína iðju, hver svo sem hún er. Þetta er mjög sértækt auðvitað en ég segi alltaf, fyrst og fremst er ég iðjupjálfi í hjartanu, allt sem ég geri er með það að leiðarljósi, að fólk geti stundað sína iðju. Og það skiptir ekki máli hvað maður tekur mikla umframmenntun, ef þú ert einu sinni smitaður af þessari iðjupjálfa-bakteríu þá ertu bara þar. Og allur fókus, þú ert alltaf með þessi gleraugu á þér.“

Enginn dagur eins og mikið frelsi

Kristín segir eitt það skemmtilega við starfið vera að enginn dagur er eins. „Vissulega eru fastir fundir og föst verkefni sem við erum að vinna að. Teymið hjá Köru er algjörlega frábært og það er unun að mæta í vinnuna á hverjum degi. Ég vakna með fiðrildi í maganum af spenningi og það er ekki sjálfgefið. Saman erum við að byggja upp nýja og framsækna velferðarþjónustu í samvinnu við stofnanir og fyrirtæki bæði í einka- og opinbera geiranum. Ég sit á skrifstofunni minni hér á eyjunni Mön sem staðsett er í gamla ráðhúsinu í litla þorpinu okkar Stege, skrifstofan mín er í raun gamall fangaklefi en ég upplifi eingöngu frelsi. Ég er í samskiptum við skrifstofuna og starfsfólkið á Íslandi, sem og að við erum þessa dagana að fara að ráða inn og opna vinnustöð í Dublin. Vegna vinnunnar ferðast ég töluvert og hitti mjög marga sem allir deila því með

okkur að vilja bæta aðgengi að stuðningi og hjálp. Ég er í miklu sambandi við viðskiptavinum okkar aðallega á Írlandi og lítilliga í Bretlandi og svo erum við einnig með stór verkefni á Íslandi þar sem ég kem lítilliga að,“ lýsir hún.

Aðspurð að lokum um hvernig Kristín sjái framtíðina fyrir sér er hún bjartsýn. „Eðli málsins samkvæmt held ég að ég verði áfram starfandi sem ráðgjafi við hin ýmsu verkefni er lúta að nýsköpun í heilbrigðis- og velferðarþjónustu og er starfsmannaheilsa mér sérlega hugleikin. Það munu án efa koma fram nýjar tæknilausnir sem við eigum að líta á sem stuðning við starf okkar, ekki samkeppni,“ segir hún að lokum.

Myndir af heimsráðstefnu í París





Við brúum bilið að **bættum lífsgæðum**

Við bjóðum upp á heildræna þjónustu
í velferðartæknilausnum fyrir alla aldurshópa.

Ráðgjöfin er einstaklingsbundin og veitt af
heilbrigðismenntuðu fagfólki með umhyggju
að leiðarljósi.

Við bjóðum vandaðar lausnir sem
allar hafa það markmið að bæta
lífsgæði og veita tækifæri til
aukinnar þátttöku í samfélaginu.

- > Aðgengislausnir
- > Bílabreytingar
- > Heilbrigðistækni
- > Fólkslyftarar
- > Hægindahjólástólar
- > Rafknúnir hjólástólar
- > Rafskutlur
- > Tjáskiptalausnir og umhverfisstjórnun
- > Sjúkra- og hjúkrunarrúm
- > Sjúkrakallkerfi

Við hvetjum þig til að hafa samband við okkur
og bóka tíma í ráðgjöf



ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN

Við erum með
þér til öryggis

Askalind 1, Kópavogi | 570 2400 | velferd@oryggi.is | oryggi.is



Saga fags og fræða Iðjubjálfun á Íslandi 1945–1997

Á síðastliðnu ári (2021) voru 45 ár liðin frá því að Iðjubjálfafélag Íslands (ÍÍ/ÍBÍ) var stofnað, en starfsemi iðjubjálfa hérlandis hófst nokkru fyrr. Þessi grein er sú fyrri af tveimur þar sem leitast er við að gefa lesendum innsýn í sögu og þróun iðjubjálfunar á Íslandi sem fags og fræðigreinar. Til þess að ná þessu markmiði höfum við rýnt í gögn af ýmsu tagi. Þar ber hæst skriflegar heimildir, bæði formlegar og óformlegar, en auk þess myndir og minningar sem varðveist hafa í munnlegri geymd.

Þjónustu sem tengist iðjubjálfun í okkar huga er fyrst getið hér á landi árið 1936 er Helgi Tómasson geðlæknir ritaði grein í Læknablaðið um svokallaðar vinnulækningar, en þær höfðu þann tilgang að þjálfa líkamlega og sálræna starfsemi þeirra sem áttu við geðræna erfiðleika að stríða. Sú nafngift náði aldrei verulegri fótfestu þó að starfsemin héldi velli og breiddist út meðal fólks með ólíkan heilsufarsvanda. Nokkrum árum síðar benti Óskar Bender (1940) á að það væri þjóðfélagsleg skylda hvers samfélags að gefa öllu fólki tækifæri til að viðhalda líkamlegum og andlegum kröftum og vera virkir þjóðfélagsþegnar.

Íslenskir iðjubjálfar hasla sér völl

Fyrsti sérmenntaði iðjubjálfinn, Jóna Kristófersdóttir, hóf störf á Kleppsspítala fyrir hartnær 80 árum, eða árið 1945. Hennar þjónusta gekk fyrstu árin undir heitinu „sjúkrakennsla“. Tveimur áratugum síðar kom iðjubjálfinn Kristín Tómasdóttir til starfa á Akureyri. Í millitíðinni og á næstu árum þar á eftir voru nokkrir erlendir iðjubjálfar starfandi hér á landi í afmarkaðan tíma (Guðrún Pálmadóttir og Lilja Ingvarsson, 2011; Þuríður J. Árnadóttir, 1976).

Snemma á áttunda áratug síðustu aldar byrjuðu Íslendingar að sækja að einhverju ráði nám í iðjubjálfun á erlendri grund. Flestir freistuðu gæfunnar á Norðurlöndunum, þar sem sumir iðjubjálfaskólar höfðu skuldbundið sig til að taka inn Íslendinga

annað hvert ár meðan ekki væri gefinn kostur á slíku námi á Íslandi. Fjölgunin var hæg en fyrstu árin komu að meðaltali þrír iðjubjálfar á ári til Íslands (sjá töflur 1 og 2). Nokkrir höfðu auk þess ílengst erlendis að námi loknu. Haustið 1997 var 71 iðjubjálfi starfandi af þeim 84 sem þá voru á landinu (Guðrún Pálmadóttir, 1997).

Starfsvettvangurinn var frekar einsleitur til að byrja með þar sem meginhluti iðjubjálfa starfaði á almennum sjúkrahúsum og endurhæfingarstofnunum á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu 1). Á sama tíma var starfsvettvangur nágrannabjóða okkar, t.d. í Danmörku, í meira mæli utan stofnana þar sem um helm-ingur iðjubjálfa starfaði (Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson, 1996a). Skjólstæðingahópurinn var einnig frekar einsleitur fyrstu árin, eða að stærstum hluta fullorðið fólk með skerðingu af líkamlegum eða geðrænum toga. Fljótlega bættust þó aldraðir í hópinn og síðar einnig börn (sjá töflu 2), en iðjubjálfun barna var á þessum tíma meginviðfangsefni bandarískra iðjubjálfa.

Með auknum fjölda iðjubjálfa hér á landi urðu til áhugahópar innan fagsins sem unnu markvisst að því að þjónusta iðjubjálfa yrði aðgengileg utan heilbrigðisstofnana, s.s. inni á heimilum fólks, á leikskólum og heilsugæslustöðvum. Þessir hópar undirbyggðu jarðveginn og lögðu þar með grunninn að til-færslu ýmiss konar þjónustu frá ríki til sveitarfélaga. Þannig fengu iðjubjálfar m.a. stöður hjá tilraunasveitarfélögum eins og Akureyrarbæ (Kristín Sigursveinsdóttir, 1996; Þórhildur Sveins-dóttir, 1993) og á Höfn í Hornafirði (Maren Ósk Sveinbjörns-dóttir, 1994). Nokkrir hófu einnig störf á leikskólum (Kristjana Ólafsdóttir, 1997), en þar störfuðu iðjubjálfar stundum undir öðru starfsheiti til að byrja með en fengu síðan stöðu iðjubjálfa þegar á leið (Elsa S. Þorvaldsdóttir, 1996). Það varð fljótlega ljóst að með þessari útvíkkun á hlutverki og þjónustusviði iðju-bjálfa þurfti fleiri hendur og að iðjubjálfum myndi ekki fjölga nægilega hratt fyrr en unnt yrði að nema fagið hér á landi.

TAFLA 1.
Fjöldi iðjupjálfa eftir starfsvettvangi á árunum 1975–1997.

VETTvangur	1975	1980	1985	1990	1995	1997
Almenn sjúkrahús – innlagðir	4	4	11	22	21	24
Endurhæfingarstöðvar – innlagðir og göngudeild	4	9	18	27	28	30
Skólar og vinnustaðir fatlaðra			2	4	2	1
Svæðisstjórnir og sveitarfélög			1	1	4	8
Hjálpartækjamiðstöðvar og fyrirtæki			1	2	5	5
Annað		2	1	1	3	3
Samtals starfandi	8	15	34	57	63	71

Heimild: Guðrún Pálmadóttir, (1997)

Faglegar áherslur og hugmyndafræðilegur grunnur

Á upphafsárum iðjupjálfunar hér á landi voru nokkuð skýr skil á milli þjónustu við fólk sem glímdi við geðrænar áskoranir og fólk með einkenni af líkamlegum toga. Nám á Norðurlöndunum var líka alla jafna tvískipt í takt við þetta og byggði fyrst og fremst á læknisfræðilega líkaninu. Náminu var auk þess viðast hvar skipt upp í bóklegt nám (líffærafræði, lífeðlisfræði, sjúkdómafræði og iðjupjálfunarfræði) og verklegt athafnanám (handverk og verkstæðisvinnu). Auk þessa var vettvangsnám á heilbrigðisstofnunum undir handleiðslu reyndra iðjupjálfa. Íhlutun iðjupjálfa snerist annars vegar um að kenna og þjálfa fólk í að nota breyttar aðferðir og hjálpartæki við athafnir daglegs lífs og hins vegar um að styrkja undirliggjandi líkamlega og sálræna starfsemi með iðkun ýmissa athafna, sér í lagi handverks. Þá var skjólstæðingum einnig leiðbeint um fyrirbyggjandi aðferðir og breytingar á efnislegu og félagslegu umhverfi til að koma í veg fyrir eða draga úr einkennum sem fylgdu ákveðnum skerðingum. Þessar áherslur eru áberandi í umfjöllun um fagið á fyrstu árum þess hér á landi (Þuríður J. Árnadóttir, 1976).

Er líða tók á áttunda áratuginn jókst áherslan á félagslegt sjónarhorn og umhverfi viðast hvar í hinum vestræna heimi. Í kjölfarið varð einnig eins konar afturhvarf til iðju er iðjumiðuð þjónustulíkon litu dagsins ljós (Canadian Association of Occupational Therapists, 1997; Fidler og Fidler, 1978; Kielhofner, 1985). Nokkru síðar voru iðjuvísindi (e. occupational science) viðurkennd sem sjálfstætt rannsóknar- og fræðasvið við háskólann í Suður-Kaliforníu (Clark o.fl., 1991). Iðjuvísindi snúast um manneskjuna sem iðjuveru og þá áhrifaþætti sem þar koma við sögu.

TAFLA 2.
Fjöldi iðjupjálfa eftir aldurshópum skjólstæðinga á árunum 1975–1997.

SKJÓLSTÆÐINGAHÓPUR	1975	1980	1985	1990	1995	1997
Börn	1		4	10	10	12
Fullorðnir með skerðingu af líkamlegum toga	5	9	16	24	30	30
Fullorðnir með skerðingu af geðrænum toga	2	5	7	12	11	10
Aldraðir		1	5	7	7	10
Blandaður aldur			2	4	5	9
Samtals starfandi	8	15	34	57	63	71

Heimild: Guðrún Pálmadóttir, (1997)

Iðjupjálfafélag Íslands

Undirbúningur að stofnun félags hófst í febrúar 1975. Þá voru átta iðjupjálfar starfandi á landinu en lágmarksfjöldi stofnfélaga var 10 manns samkvæmt íslenskum lögum. Það mark náðist ári síðar og Iðjupjálfafélag Íslands (þá skammstafað ÍÍ) var formlega stofnað þann 4. mars 1976 og fyrstu lög þess samþykkt (Iðjupjálfafélag Íslands, 1976). Af þessum 10 félögum (sjá töflu 3) voru sjö með varanlega búsetu hér á landi. Félagið varð strax aðili að Heimssambandi iðjupjálfa (World Federation of Occupational Therapy, e.d.).

Verkefni í hinu nýja félagi voru mýmörg og allir félagsmenn sátu í fleiri en einni nefnd. Eitt af fyrstu verkefnum félagsins var verndun starfsheitisins iðjupjálfi, en það markmið náðist ári síðar er fyrstu lögin um iðjupjálfun birtust opinberlega (lög um iðjupjálfun nr. 75/1977). Þá var kynning á iðjupjálfun og ýmis önnur fagleg hagsmunamál, s.s. íslensk menntun, einnig strax ofarlega á baugi.

Þó félagið væri fámennt í byrjun var starfsemi þess samt einstaklega blómleg enda að mörgu að hyggja. Útgáfa félagsmiðils hófst strax eftir stofnun félagsins, fyrstu fimm árin í formi fréttabréfa og fréttablaða sem síðar urðu að tímaritinu *Blað-Ið* árið 1980. Ákveðin atriði fengu strax fastan sess í þessum miðlum, s.s. félaga- og vinnustaðalistar og listi yfir íslenska nemendur erlendis og stöðu þeirra í námi. Þá var einnig nokkuð nákvæm útlistun á störfum iðjupjálfa hér á landi og vel haldið utan um lausar stöður. Á níunda áratugnum urðu fagleg málefni meira áberandi og um tíma voru gefin út þemahefti þar sem ákveðin svið voru tekin fyrir. Sem dæmi má

TAFLA 3.
Stofnendur Iðjubjálfafélags Íslands.

NAFN	NÁMSLAND/BORG	HÓFU STÖRF Á ÍSLANDI
Jóna Kristófersdóttir	Danmörk, Kaupmannahöfn	1945
Kristín Tómasdóttir	Danmörk, Kaupmannahöfn	1963
Hope Knútsson	Bandaríkin, New York	1974
Sigríður Loftsdóttir	Danmörk, Holstebro	1974
Anne Grethe Hansen	Danmörk, Árósar	1974
Guðrún Pálmadóttir	Danmörk, Árósar	1974
Hildegard Demleitner	Þýskaland	1974
Margaret Demleitner	Þýskaland	1974
Ingibjörg Ásgeirsdóttir	Danmörk, Kaupmannahöfn	1975
Emelita O. Nocon	Filippseyjar	1975

Heimild: Guðrún Pálmadóttir og Lilja Ingvarsson (2011)

TAFLA 4.
Nefndir á vegum IðÍ stofnaðar á árunum 1976–1985.

NEFNDIR	ÁRTAL
Stjórn	1976
Kynningarnefnd	1976
Hjálpartækja- og vörunefnd	1976
Launanefnd/kjaranefnd	1977
Trygginganefnd	1978
Nefnd um leiðarvísi um liðvernd	1978
Nefnd um leiðarvísi um starfstellingar og vinnutækni	1978
Nefnd um próf á vitrænni færni	1978
Bókasafnsnefnd	1978
Nefnd um iðjubjálfun í heimahúsum	1979
Skólanefnd	1981
Ritnefnd	1982
Fræðslunefnd	1985
Úrklippunefnd fyrir 10 ára afmæli IðÍ	1986

nefna hefti um öldrun, um helftarlömun og um gigt. Tímaritið fékk svo nýjan titil árið 1993 þegar „Iðjubjálfinn“ kom út í fyrsta sinn.

Íslenskum iðjubjálfum fjölgaði hægt og ör umskipti félagsfólks erlendis frá gerði starfsemi félagsins að sumu leyti erfiðari en ella. Í mars 1978 voru 15 iðjubjálfar búsettir á Íslandi, en aðeins 11 þeirra voru í starfi. Tveir íslenskir iðjubjálfar voru þá búsettir erlendis og íslenskir nemar voru 10 talsins, níu á Norðurlöndunum og einn í Englandi. Samkvæmt aðalfundargerð 1979 voru haldnir sjö félagsfundir, sex fræðslufundir og ellefu stjórnarfundir auk ótal nefndarfunda það ár (sjá töflu 4 um nefndir). Efling samstöðu og félagsanda var ekki heldur látin sitja á hakanum og áhersla lögð á að hrista fólk saman og hlúa að fagfólki erlendis frá. Því voru einnig ýmsir félagslegir atburðir á dagskrá, s.s. árhátíðir að ógleymdri fjölskylduútilegu sumarið 1979 (Margrét Sigurðardóttir, 1979). Þessi sterka samstaða varð einkenni stéttarinnar og hún skipti sköpum þegar á reyndi við að efla faglega stöðu hennar.

Fagsjálfr og fagleg ímynd

Allt frá upphafi iðjubjálfunar á Íslandi var rík áhersla lögð á að styrkja fagmennsku stéttarinnar og faglega ímynd hennar út

á við og um leið að mæta þörf iðjubjálfa fyrir aukna þekkingu og skilning á sérstöðu iðjubjálfunar sem fags og fræðigreinar. Mikil áhersla var lögð á endur- og símenntun félaga sem deildu fúslega reynslu sinni, þekkingu og starfsaðferðum og eflðu þannig kunnáttu og færni hver annars. Þá sá félagið einnig um að kaupa inn nýjustu fræðibækur um fagið auk þess sem fylgst var grannt með námi erlendis og íslenskum nemendum þar.

Þegar líða tók á níunda tug aldarinnar fór að bera á óvissu innan fagsins er laut að fræðilegum bakgrunni og hlutverki iðjubjálfa. Þá vildi brenna við að iðjubjálfar ættu erfitt með að útskýra fyrir öðrum hvað iðjubjálfun stæði fyrir og hver væri hugmyndafræðilegur grunnur hennar. Til að bregðast við þessu bauð félagið upp á ýmis metnaðarfull námskeið þar sem fengið var þekkt fræðafólk erlendis frá. Sem dæmi má nefna námskeið um íhlutunarkenningar árið 1987, MOHO-námskeið og námskeið um gæðatryggingu 1993, námskeið um faglega rökleiðslu 1995, um iðjumiðaða nálgun 1997 og um AMPS 1998. Hope Knútsson, sem var formaður félagsins fyrstu tvo áratugina, fékk oft fræðimenn til að stoppa á Íslandi á leið sinni milli Ameríku og Evrópu og kynna það nýjasta í faginu fyrir íslenskum iðjubjálfum. Höfundar þessarar greinar gerðu einnig tilraun til að bregðast við þessum vanda með skrifum

í fagblað iðjubjálfa þar sem dregin var upp ítarleg mynd af viðfangsefnum og ferli iðjubjálfunar (Guðrún Pálmadóttir og Kristjana Fenger, 1990). Þetta mun hafa verið fyrsta fræðilega greinin um iðjubjálfun á íslensku.

Það að fagið hafði verið numið á ólíkum tungumálum torveldaði faglegar umræður iðjubjálfa og gerði þeim erfiðara fyrir við að lýsa starfseminni og þeim hugmyndum sem þar lágu að baki. Til að bregðast við þessu var stofnuð iðorðanefnd sem útbjó íslenskan hugtakalista með skýringum að fyrirmynd bandaríska iðjubjálfafélagsins (Iðjubjálfafélag Íslands, 1996). Íslenska útgáfan var mikið notuð í fyrstu en missti smám saman gildi sitt í takt við breytingar í faginu.

Kynning á iðjubjálfun

Allir félagar unnu mikið kynningarstarf innan sinna vinnustaða og víðar þegar því var við komið. Stofnuð var sérstök kynningarnefnd sem útbjó efni um menntun og störf iðjubjálfa til að nota við ýmis tækifæri, m.a. í námskynningum í framhaldsskólum. Einnig voru útbúnir bæklingar til kynningar fyrir almenning og þeim dreift víða.

Árið 1976 stóð kynningarnefnd fyrir viðamikilli könnun á þörf fyrir iðjubjálfun þar sem sendar voru fyrirspurnir til 59 heilbrigðisstofnana víðs vegar um landið. Spurt var um hvort áformað væri að ráða iðjubjálfa, væri hann ekki nú þegar á staðnum. Aðeins 22 svör bárust sem alla jafna voru frekar jákvæð, en sex staðir höfðu þá þegar iðjubjálfa sem hluta af sínu starfsliði. Um sama leyti voru send bréf til ráðuneyta heilbrigðismála, menntamála og fjármála til að kynna iðjubjálfunarfagið og hlutverk þess í íslensku samfélagi. Þessi sama nefnd birti síðan í nafni félagsins grein með myndum í Lesbók Morgunblaðsins (Iðjubjálfun er fjölbreytt og skemmtilegt starf, 1978). Árið 1981 var fengin til landsins farandsýning sem sænskir iðjubjálfanemar höfðu útbúið og henni snúið yfir á íslensku. Sýningin var sett upp í kringlu Landspítalans og einnig í þáverandi fokheldri nýbyggingu sjúkrahússins á Akureyri. Hún var opnuð formlega með ræðuhöldum og umfjöllun fjölmiðla, bæði í dagblöðum og útvarpi og vakti nokkra athygli (Farandsýning iðjubjálfanema stendur yfir í anddyri Land-

spítalans, 1981; LKM, 1981; Svkr, 1981). Ýmislegt kynningarefni frá þessum tíma er enn þá varðveitt hjá félaginu.

Faglegir hagsmunir og viðurkenning

Að fá iðjubjálfun viðurkennda sem sjálfstæða fræðigrein í íslensku samfélagi var mikilvægt en kostaði töluverða fyrirhöfn þar sem yfirstíga þurfti ýmsar kerfislægar hindranir. Iðjubjálfnámið á Norðurlöndum var á þessum árum í sérskólum sem alla jafna töldust vera á háskólastigi, en nemendur útskrifuðust ekki með BS- eða BA-gráðu og því höfðu flestir íslensku iðjubjálfarnir ekki aðgang að Bandalagi háskólamanna (BHM). Fyrstu árin voru iðjubjálfar sem störfuðu hjá ríki og borg ýmist félagar í Starfsmannafélagi ríkisstarfsmanna (SFR) eða Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar (SR) en bæði félögin áttu aðild að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB). Sjúkraþjálfarar og félagsráðgjafar áttu aðild að sömu kjarafélögum, en þeirra nám var jafnlangt og á sama námsstigi og iðjubjálfunarnámið. Eftir allnokkra baráttu tókst iðjubjálfum að fá nám sitt metið sem jafngilt BA- eða BS-gráðu og þar með fékk Iðjubjálfafélag Íslands aðild að BHM árið 1984 (Friðrik G. Olgeirsson, 2008). Iðjubjálfarnir þurftu samt alla jafna að bæta við sig námskeiðum í rannsóknaraðferðum til að fá aðgang að framhaldsnámi á meistarastigi.

Faglegir hagsmunir tengdust líka samningum við Tryggingastofnun ríkisins (TR), en það var talið mikilvægt skref í að litið væri á iðjubjálfun sem sjálfstæða fræðigrein. Samningaviðræður milli ÍBÍ og TR höfðu varað lengi þegar það kom í ljós að fulltrúar TR vildu eingöngu semja við þjónustustofnanir sem ekki voru í eigu hins opinbera eins og t.d. Æfingastöðina (Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra). Á þessum tíma þurftu iðjubjálfarnir þar reyndar að skila reikningum fyrir þjónustu sína í nafni sjúkraþjálfunar sem þeir voru að sjálfsögðu afar ósáttir við. Síðar samdi TR við ýmsar starfstöðvar um þjónustu iðjubjálfa.

Baráttan fyrir íslensku námi

Eins og áður hefur komið fram var íslenskt nám í iðjubjálfun fyrsta markmið ÍBÍ frá upphafi þó ekki hafi verið grundvöllur fyrir að hefja þann undirbúning fyrr en stéttin væri orðin nægilega fjölmenn og menntunarstig hennar hærra. Náms í iðju-

Þjálfun er fyrst getið í opinberu skjali árið 1973 þegar skipuð var nefnd af Menntamálaráðuneytinu til að athuga möguleika á að stofna til náms í sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun hér á landi. Nefndin skilaði greinargerð tveimur árum síðar þar sem settar voru fram tillögur um uppbyggingu náms í sjúkraþjálfun, en talið var að iðjuþjálfun ætti lengra í land sökum fámennis í stéttinni. Þá voru átta iðjuþjálfar starfandi á landinu og aðeins fimm þeirra höfðu varanlega búsetu. Nefndin taldi hins vegar að eftir 10 ár yrði þörf fyrir á bilinu 80 til 90 iðjuþjálfar hér á landi (Þórður Einarsson o.fl., 1975).

Árið 1981 var haldin hér norræn ráðstefna um skólamál á Hótel Loftleiðum þar sem fulltrúar frá menntastofnunum iðjuþjálfar á öllum Norðurlöndunum tóku þátt auk fulltrúa frá ÍþÍ. Fulltrúar norrænu skólanna buðu fram alla þá aðstoð sem þau gætu mögulega veitt við að koma á fót íslensku námi í iðjuþjálfun og voru afar hvetjandi. Um svipað leyti barst félaginu óformleg fyrirspurn frá Hauki Þórðarsyni, endurhæfingarlækni, um hvenær félagið hygðist taka upp þráðinn um nám. Þetta tvennt ýtti m.a. undir að fyrsta skólanefndin var sett á laggirnar í september 1981, en hana skipuðu Guðrún Árnadóttir, Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Rannveig Baldursdóttir. Stofnun náms var ekki talin tímabær, en lagt til að félagið beitti sér fyrir aðgengi Íslendinga að námi erlendis og ynni samtímis að undirbúningi jarðvegsins hér heima. Þetta sama ár var því ritað bréf til menntamálaráðherra og farið fram á aðstoð hans við að koma fleiri Íslendingum að í námi erlendis og þar með var hafin hin formlega barátta fyrir íslensku námi í iðjuþjálfun. Ekkert svar barst frá ráðherra (Kristjana Fenger, 1989).

Nefndin aflaði einnig ýmissa gagna um nám í öðrum löndum og um nám við HÍ til að athuga samnýtingarmöguleika við námsleiðir þar. Árið 1983 var haldinn fundur með Maríu Þorsteinsdóttur, námsbrautarstjóra í sjúkraþjálfun um tilurð og starfsemi þeirrar brautar. Óskað var eftir fleiri höndum í skólanefnd og því bættust Kristjana Fenger og Sigríður Jónsdóttir við og þar með var nefndin orðin fimm manna. Staðan var kynnt félagsmönnum árið 1984 sem lýstu yfir eindregnum stuðningi við málið og lofuðu að leggja hönd á plóg þegar kæmi að stundakennslu og öðrum verkefnum er tengdust náminu.

Þetta sama ár lauk fyrsti íslenski iðjuþjálfinn, Guðrún Pálmadóttir, meistaraprófi, en þangað til hafði Hope Knútsson verið sú eina með það menntunarstig. Verkefni Guðrúnar fjallaði um líf fjölskyldna þar sem annað foreldranna var með líkamlega skerðingu (Guðrún Pálmadóttir, 1984; Guðrún Pálmadóttir og Busch-Rossnagel, 1988). Guðrún Árnadóttir lauk svo meistaránámi þremur árum síðar þar sem hún skoðaði fylgni milli niðurstaðna úr tæknilegum matsaðferðum og tilgátu iðjuþjálfar er byggði á athafnagreiningu (Guðrún Árnadóttir, 1987).

Árið 1985 kannaði skólanefnd reynslu þeirra 17 nemenda er höfðu verið í vettvangsnámi á Íslandi. Spurt var um gæði vettvangsnámsins hér heima og samanburð þess við vettvangsnám erlendis. Þetta sama ár var bréf sent til Menntamálaráðuneytis þar sem óskað var eftir greiðslu fyrir leiðsögn í vettvangsnámi, en það var talið brýnast í skólamálum á þessum tíma. Ekkert svar barst og beiðnin því ítrekuð ári síðar en án árangurs. Þar sem ekkert hafði þókast í áttina að íslensku námi hérlandis var ákveðið á aðalfundi félagsins þetta ár að leggja skólanefnd niður í bili (Kristjana Fenger, 1989).

Tveimur árum síðar (1987) var þráðurinn tekinn upp að nýju í kjölfar óformlegra samræðna við fulltrúa hjá Menntamálaráðuneytinu. Stjórn ÍþÍ fundaði um skólamál í janúar 1988 og sendi í kjölfarið bréf til menntamálaráðherra, Birgis Ísleifs Gunnarssonar, þar sem farið var fram á stofnun námsbrautar í iðjuþjálfun við HÍ. Þá var einnig sent bréf til Svavars Gestssonar alþingismanns þar sem samskipti við ráðuneytið voru rakin. Þetta varð til þess að menntamálaráðherra skipaði í júní þetta sama ár opinbera nefnd um nám í iðjuþjálfun. Nefndina leiddi Stefán Stefánsson deildarfulltrúi í Menntamálaráðuneytinu. Auk hans voru í nefndinni Ásgeir B. Ellertsson yfirlæknir tilnefndur af Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Guðrún Kristinsdóttir félagsráðgjafi tilnefnd af HÍ, en varamaður hennar Guðrún Jónsdóttir kom strax í hennar stað. Frá ÍþÍ voru tveir fulltrúar, þær Hope Knútsson og Guðrún Pálmadóttir, en Kristjana Fenger leysti þá síðari fljótlega af. Fyrsti fundurinn var haldinn 1. desember 1988, en alls urðu fundirnir tíu, sá síðasti 28. maí 1989. Nefndarmenn skiptu með sér verkum, en þar sem mikil vinna hvíldi á fulltrúum ÍþÍ fengu þeir fleiri félaga til liðs við

sig. Nefndin skilaði heildaráliti sínu í skýrsluformi til menntamálaráðherra sem sendi það áfram til kennslumálanefndar HÍ. Kennslumálanefnd HÍ féllst á niðurstöðu nefndarinnar um að tímabært væri að hefja 120 eininga BS-nám í iðjubjálfun og að því væri best fyrir komið við Háskóla Íslands. Nefndin studdi einnig tillöguna um að samnýta kennslu með sjúkrabjálfun, en taldi ekki þörf á að stofna sérstaka skipulagseiningu um nám í iðjubjálfun eins og nefnd Menntamálaráðuneytisins hafði lagt til. Þetta álit kennslumálanefndar barst félaginu ekki fyrir en í júlí 1990 þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, en þá voru liðnir átta mánuðir frá því að skýrslan var kláruð. Skólanefnd brást skjótt við og ritaði bréf til háskólarektors þar sem færð voru rök fyrir því að námsbraut í iðjubjálfun yrði sérstök skipulagseining og að námið spannaði fjögur ár. Afrit af þessu bréfi var sent þeim aðilum sem komið höfðu að málinu. Einnig fundaði nefndin með námsbrautarstjóra í sjúkrabjálfun þar sem var verið að vinna að álitssgerð um tillögurnar. Í þeirri álitssgerð var lýst yfir stuðningi sjúkrabjálfunarbrautar við stofnun náms í iðjubjálfun og að iðjubjálfun yrði sérstök námsbraut í tengslum við læknadeild. Engin hreyfing var á málinu næsta árið og horfur almennt ekki góðar vegna niðurskurðar í bæði heilbrigðis- og menntamálum. Skólanefnd átti samt fundi með bæði háskóla- rektor og forseta læknadeildar HÍ á árinu.

Samstarf við Háskóla Íslands

Árið 1992 tók háskóla rektor, Sveinbjörn Björnsson, málið upp á sína arma eftir að hafa fundað með skólanefnd ÍÞÍ. Fyrir atbeina hans var komið á fót formlegri viðræðunefnd milli ÍÞÍ og læknadeildar HÍ sem hafði það hlutverk að ýta málinu áfram. Í viðræðunefndinni sátu auk skólanefndarfulltrúa ÍÞÍ (Guðrún Pálmadóttir og Hope Knútsson) fulltrúar frá læknisfræði (Gísli Einarsson), hjúkrunarfræði (Herdís Sveinsdóttir) og sjúkrabjálfun (María Þorsteinsdóttir). Niðurstaða nefndarinnar var sú að eðlilegast væri að stofna sjálfstæða námsbraut í iðjubjálfun við læknadeild HÍ að ári liðnu. Þetta sama ár, 1993, tilkynnti háskóla rektor opinberlega að námsbraut í iðjubjálfun yrði komið á fót við HÍ í framtíðinni.

Árið 1994 lauk þriðji íslenski iðjubjálfinn, Snæfríður Þ. Egilsson, meistaraprófi en meistararannsókn hennar snerist um

frammistöðu íslenskra barna á MAP-þroskaprófinu (Miller Assessment for Preschoolers) (Snæfríður Þ. Egilsson, 1994). Snæfríður fór að vinna með skólanefndinni um haustið, en þar voru þá fyrir Guðrún Pálmadóttir, Hope Knútsson og Kristjana Fenger. Meginverkefni skólanefndar á þessum tíma var að vinna að greinargerð með þingsályktunartillögu um nám í iðjubjálfun (Hope Knútsson o.fl., 1994) sem var lögð fram á Alþingi þetta sama haust (Alþingistiðindi, 1994–95a). Auk þess tók nefndin þátt í að undirbúa dvöl dr. Gail Maquire frá Florida International University (FIU) við Háskóla Íslands, en hún hafði fengið Fulbrightstyrk til að vinna að undirbúningi væntanlegrar námsbrautar við HÍ. Af háskólans hálfu hélt Þórður Kristinsson kennslumálastjóri utan um það mál og valdi sér til fulltingis sama hópinn og hafði áður verið í viðræðunefndinni, þ.e. námsbrautarstjórana í sjúkrabjálfun og hjúkrunarfræði og fulltrúa frá læknadeild. Guðrún og Snæfríður voru fulltrúar ÍÞÍ í þessari nefnd. Nefndin hélt fjóra fundi þar sem rædd voru þau verkefni sem Gail hugðist vinna að meðan hún dvaldi hér.

Skólanefndin hélt einnig fundi með aðilum frá bæði Heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti og Menntamálaráðuneyti um væntanlega námsbraut og nauðsyn þess að tryggja fjárhagslegan grundvöll hennar. Þá gengu konur í skólanefnd á fund allra fulltrúa í lækna ráði við HÍ til að kanna afstöðu þeirra til málsins sem alla jafna reyndist jákvæð. Í kjölfarið tók dr. Jóhann Axelsson prófessor í lífeðlisfræði að sér að liðka fyrir málinu innan HÍ með því að ræða við ýmsa áhrifamenn þar. Ráðamenn við HÍ studdu málið og töldu það vel undirbúið, en höfðu áhyggjur af því að framgangur þess gæti orðið til að þess rýra fjárveitingar til annarra greina innan háskólans. Einnig voru kannaðir möguleikar á vettvangsnámi meðal starfandi iðjubjálfa, en aðilar við HÍ höfðu áhyggjur af þeim hluta námsins vegna fyrri reynslu.

Þann 25. febrúar 1995 var á Alþingi samþykkt fyrrnefnd þingsályktunartillaga um að fela Menntamálaráðuneytinu að hefja undirbúning náms í iðjubjálfun við HÍ (Alþingistiðindi, 1994–95b). Um vorið dvaldi svo dr. Gail Maquire við HÍ í þrjá mánuði, en meginverkefni hennar var að undirbúa kennslukrafta fyrir væntanlegt nám í iðjubjálfun. Hún skipulagði meistaranám

TAFLA 5.

Meistaraneimarnir sjö og rannsóknarverkefni þeirra.

NÖFN NEMENDA	GREINAR/RANNSÓKNARVERKEFNI
Elín Ebba Ásmundsdóttir	Elín Ebba Ásmundsdóttir. (2000). Viðhorf íslenskra iðjupjálfa til fagmála. <i>Iðjupjálfinn</i> , 22(1), 20–27. Elín Ebba Ásmundsdóttir. (1999). Lýðeinkenni íslenskra iðjupjálfa og viðhorf þeirra til menntamála. <i>Iðjupjálfinn</i> , 21(1), 7–13. Elín Ebba Ásmundsdóttir. (1998). <i>Icelandic occupational therapists' attitudes toward educational and professional issues</i> [meistaraverkefni FIU]. https://digitalcommons.fiu.edu/etd/index.39.html#year_1998
Gunnhildur Gísladóttir	Gunnhildur Gísladóttir. (2002). Iðjupjálfun á Íslandi – Viðhorf, þekking og samvinna. <i>Iðjupjálfinn</i> , 24(1), 6–13. Gunnhildur Gísladóttir. (1998). <i>Occupational therapy in Iceland, attitude, knowledge, and cooperation</i> [meistaraverkefni FIU]. https://digitalcommons.fiu.edu/etd/index.40.html
Ingibjörg Ásgeirsdóttir	Ingibjörg Ásgeirsdóttir. (2001). Viðhorf aldraðra á Stór-Reykjavíkursvæðinu til sjálfræðis og forræðis í tengslum við umönnun aldraðra. <i>Iðjupjálfinn</i> , 23(1), 22–31. Ingibjörg Svava Ásgeirsdóttir. (1998). <i>Beliefs of Icelandic elderly living in the great Reykjavik area toward autonomy and paternalism in caregiving of the elderly</i> [meistaraverkefni FIU]. https://digitalcommons.fiu.edu/etd/index.39.html#year_1998
Kristjana Fenger	Kristjana Fenger. (2001). Hlutverk Íslendinga, gildi þeirra og hversu oft þeir gegna þeim. <i>Iðjupjálfinn</i> , 23(1), 12–20. Kristjana Fenger. (1998). <i>Frequency and value of role performance in the Icelandic population</i> [meistaraverkefni FIU].
Margrét Sigurðardóttir	Margrét Sigurðardóttir. (2000). Viðhorf iðjupjálfa á Íslandi til sjálfræðis og forræðis í tengslum við umönnun aldraðra. <i>Iðjupjálfinn</i> 22(2), 7–14. Margrét Sigurðardóttir. (1998). <i>The attitudes and beliefs of occupational therapists living in Iceland regarding autonomy and paternalism in care of the elderly</i> [meistaraverkefni FIU].
Sigrún Garðarsdóttir	Sigrún Garðarsdóttir og Susan Kaplan. (2002). Validity of the Arnadóttir OT-ADL Neurobehavioral Evaluation (A-ONE): Performance in activities of daily living and neurobehavioral impairments of persons with left and right hemisphere damage. <i>The American Journal of Occupational Therapy</i> , 56(5), 499–508. Sigrún Garðarsdóttir. (2000). Tengsl milli færni við athafnir daglegs lífs (ADL) og taugaatferlis hjá sjúklingum sem fengið hafa heilablóðfall. <i>Iðjupjálfinn</i> , 22(1), 10–19. 3 Sigrún Garðarsdóttir. (1998). <i>Relationship between activities of daily living and neurobehavioral impairments in stroke patients</i> [meistaraverkefni FIU].
Valerie Harris	Valery Jacqueline Harris. (1998). <i>Attitudes of adult child caregivers from the greater Reykjavik area of Iceland toward autonomy and paternalism in relation to care of the elderly</i> [meistaraverkefni FIU].

fyrir sjö íslenska iðjupjálfa sem byggði á samstarfssamningi sem hún kom á milli HÍ og FIU. Námið var gamaldags fjarnám þar sem upptökur af kennslustundum í FIU voru sendar með bréfaþósti til Íslands og verkefni nemenda send til baka á sama hátt (Elín Ebba Ásmundsdóttir, 1996a, 1996b). Námið hófst með kennslulotu Gail á Íslandi og síðar voru tvær tveggja mánaða kennslulotur í Flórída árin 1996 og 1998. Nemendur

tóku auk þessa tvö tölfræðinámskeið við HÍ. Í síðari dvöl sinni í Flórída luku nemendur við úrvinnslu rannsóknargagna og skrif meistaraverkefna sinna og vörðu þau. Verkefnin sneru að fjölbreytilegum sviðum innan fagsins til hagsbóta fyrir væntanlega kennslukrafta í iðjupjálfunarnámi á Íslandi (Elín Ebba Ásmundsdóttir, 1998) (sjá töflu 5).

Meðan á Íslandsdövl dr. Gail Maquire stóð, fundaði hún vikulega með tveimur fulltrúum skólanefndar, þeim Guðrúnu og Snæfríði. Þær voru þá samkvæmt beiðni háskólaráðs HÍ að undirbúa skýrsluna Hlutverk iðjubjálfunar í heilbrigðisþjónustu og ávinningur af íslensku háskólanámi í iðjubjálfun (Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson, 1996a) auk þess að vinna greinargerð um húsnæðisþörf væntanlegrar námsbrautar (Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson, 1996b). Sérþekking dr. Maquire á námi í iðjubjálfun og almennri þekkingarfræði nýttist þarna vel til að leggja grunn að námslíkani fyrir iðjubjálfunarnámið og innihaldi þess (Maquire, 1995). Að frumkvæði dr. Maquire var síðar haldinn kynningarfundur í HÍ um stöðu iðjubjálfunar á Íslandi og skipulag og innihald námsins sem verið var að undirbúa.

Í nóvember þetta sama ár fóru tveir fulltrúar skólanefndar (Guðrún og Snæfríður) í kynnisferð til Danmerkur og heimsóttu iðjubjálfastólana í Kaupmannahöfn og Álaborg, en báðir þessir skólar höfðu þá tekið upp lausnaleytnám (PBL = problem based learning). Einnig tóku þær þátt sem fulltrúar Íslands í ráðstefnu COTEC (Council of Occupational Therapy for The European Countries) og í stofnfundi ENOTHE (European Network of Occupational Therapy in Higher Education), en Ísland fékk þar hálfa aðild þar sem nám í iðjubjálfun var í undirbúningi (Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson, 1995). Ferðin var styrkt af Menntamálaráðuneytinu.

Fyrirnefnd skýrsla Guðrúnar og Snæfríðar um hlutverk iðjubjálfunar í heilbrigðisþjónustu og ávinninginn af íslensku námi var send ráðuneytum menntamála og heilbrigðismála síðla árs 1995. Þá gerði Fjármálasvið HÍ kostnaðaráætlun fyrir námið þar sem gengið var út frá því að u.þ.b. helming bóklegra námseininga mætti finna innan annarra deilda og námsbrauta í HÍ. Á

þessum forsendum samþykkti háskólaráð í maí 1996 að hefja kennslu í iðjubjálfun þá um haustið ef fengist til þess fjárveiting.

Tillagan um stofnun náms í iðjubjálfun fékk jákvæð viðbrögð innan Menntamálaráðuneytisins sem taldi áætlanir um faglegt skipulag og kostnað við námið fullnægjandi. Einnig var ráðuneytið reiðubúið til að styðja tillögu um fjárveitingu ef háskólinn væri tilbúinn til að setja þetta málefni í forgang í sínum fjárlagatillögum, innan þess ramma sem fjárlög heimiluðu (Björn Bjarnason, 1996; Ekkert bólar á námsbraut í iðjubjálfun í HÍ, 1996; Forgangsverkefni að draga úr rekstrarhalla, 1996). Þar með var ljóst að lokaákvörðunin lá innan háskólans og að það félli í hlut stjórnenda í læknadeild HÍ að fylgja henni eftir og aðlaga fjárhagsáætlun fyrir komandi ár í takt við það.

Á fundi fulltrúa ÍBÍ með stjórnendum læknadeildar HÍ vorið 1997 kom í ljós að þrátt fyrir almennt jákvæða afstöðu til málsins þá voru ekki allir reiðubúnir til að aðlaga námsfyrirkomulagið og þrengja að fjárhagi og aðstöðu námsbrautanna sem fyrir voru. Þar með var ljóst að ekkert yrði af námi í iðjubjálfun við HÍ að svo stöddu. Þetta voru mikil vonbrigði fyrir iðjubjálfastéttina sem hafði bundið miklar vonir við að íslenskt nám myndi efla þróun fagsins og iðjubjálfar þar með öðlast sess í fræðasamfélaginu.

Stuðningsmenn meðal alþingismanna og háskólamanna hörmuðu einnig að Háskóli Íslands hefði kosið að setja námið ekki í forgang, þrátt fyrir vandaðan og góðan undirbúning og lítinn kostnað, á meðan aðrir lýstu skilningi á þröngri stöðu háskólans. Bent var á nauðsyn þess að svo þjóðhagslega mikilvægt nám kæmist á sem fyrst og vangaveltur voru um hvað þyrfti til að það yrði að veruleika.

Heimildir

- Alþingistiðindi. (1994–95a). Tillaga til þingsályktunar um kennslu í iðjubjálfun. Þskj. 93, 91. mál. *Vefútgáfa Alþingistiðinda*. <https://www.althingi.is/altext/118/s/0093.html>
- Alþingistiðindi. (1994–95b). Þingsályktun um kennslu í iðjubjálfun. Þskj. 952, 91. mál. *Vefútgáfa Alþingistiðinda*. <https://www.althingi.is/altext/118/s/0952.html>
- Björn Bjarnason. (1996). Utandagskrárumræður um kennslu í iðjubjálfun á háskólastigi, 12. desember. *Vefútgáfa Alþingistiðinda*. <https://www.althingi.is/altext/121/12/r12171130.sgml> og <https://www.althingi.is/altext/121/12/r12173719.sgml>
- Canadian Association of Occupational Therapists. (1997). *Enabling occupation. An occupational therapy perspective*.
- Clark, F. A., Parham, D., Carlson, M. E., Frank, G., Jackson, J., Pierce, D., Wolfe, R. J. og Zemke, R. (1991). Occupational science: Academic innovation in the service of occupational therapy's future. *The American Journal of Occupational Therapy*, 45(4), 300–310. <https://doi.org/10.5014/ajot.45.4.300>
- Ekkert bolar á námsbraut í iðjubjálfun í HÍ. (1996). *BHMR tíðindi*, des., 22.
- Elin Ebba Ásmundsdóttir. (1996a). Meistarinn og nemarnir sjö. *Iðjubjálfinn* 18(1), 30–34.
- Elin Ebba Ásmundsdóttir. (1996b). Meistarinn og nemarnir sjö uppgötva Ameríku. *Iðjubjálfinn*, 18(2), 9–14.
- Elin Ebba Ásmundsdóttir. (1998). Meistararnir sjö. *Iðjubjálfinn*, 20(1), 29–31.
- Elsa S. Þorvaldsdóttir. (1996). Iðjubjálfun í Hafnarfirði. *Iðjubjálfinn*, 18(1), 38–39.
- Farandsýning iðjubjálfanema stendur yfir í anddyri Landspítalans. (1981, 6. nóvember). *Morgunblaðið*, bls. 26. <https://timarit.is/page/1548065?iabr=on#page/n25/mode/1up/search/farands%C3%BDning>
- Fidler, G. S. og Fidler, J. W. (1978). Doing and becoming: Purposeful action and self-actualization. *American Journal of Occupational Therapy*, 32(5), 305–310.
- Forgangsverkefni að draga úr rekstrarhalla. Viðtal við Sveinbjörn Björnsson háskóla- og rektor. (1996). *BHMR tíðindi*, des., 23.
- Friðrik G. Olgeirsson. (2008). *Saga Bandalags Háskólamanna 1958–2008*. BHM.
- Guðrún Árnadóttir. (1987). *Development of the Arnadóttir OT-ADL neuro-behavioral evaluation (A-ONE) and comparison to neuro-imaging evaluation*. University of Southern California.
- Guðrún Pálmadóttir. (1984). *Effects of physical disability on the family system*. Colorado State University.
- Guðrún Pálmadóttir. (1997). Iðjubjálfun verður íslensk fræðigrein. Staða og þróun – nám á iðjubjálfunarbraut Háskólans á Akureyri. *Iðjubjálfinn*, 19(2), 14–19.
- Guðrún Pálmadóttir og Busch-Rossnagel, N. (1988). The effects of physical disability on the family system. *International Journal of Rehabilitation Research*, 11(3), 283–285.
- Guðrún Pálmadóttir og Kristjana Fenger. (1990). Iðjubjálfun. *Bláð-lö*, 2, 7–19.
- Guðrún Pálmadóttir og Lilja Ingvarsson. (2011). Saga iðjubjálfunar á Íslandi. Í Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þ. Egilson (ritstjórar), *Lóga, heilsa og velferð: Iðjubjálfun í íslensku samfélagi* (bls. 37–53). Háskólinn á Akureyri.
- Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson. (1995). *Skýrsla um kynnisferð til Danmerkur í tengslum við undirbúning náms í iðjubjálfun á Íslandi*. Iðjubjálfafélag Íslands.
- Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson. (1996a). *Háskólanám í iðjubjálfun á Íslandi: Hlutverk iðjubjálfunar í heilbrigðisþjónustu og ávinningur af íslensku háskólanámi í iðjubjálfun*. Háskóli Íslands.
- Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson. (1996b). *Skilgreining á hús-næðisþörf. Verkefni unnið fyrir Háskóla Íslands vegna undirbúnings náms í iðjubjálfun*.
- Helgi Tómasson. (1936). *Vinnulækningar*. Ágrip af erindi fluttu í Læknafjelagi Reykjavíkur, 13. janúar, 1936.
- Hope Knúttsson, Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þ. Egilson. (1994). *Greinargerð frá Iðjubjálfafélagi Íslands vegna tillögu um nám í iðjubjálfun við Háskóla Íslands*.
- Iðjubjálfafélags Íslands. (1976). Lög Iðjubjálfafélags Íslands.
- Iðjubjálfafélag Íslands. (1996). *Íðorð í iðjubjálfun*.
- Iðjubjálfun er fjölbreytt og skemmtilegt starf. (1978, 2. júlí). *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 10–11 og 13. <https://timarit.is/page/3299332#page/n9/mode/2up>
- Kielhofner, G. (1985). *Model of human occupation: Theory and application*. Williams & Wilkins.
- Kristín Sigursveinsdóttir. (1996). Iðjubjálfun í heimabjónustu. *Iðjubjálfinn*, 18(2), 18–19.
- Kristjana Fenger. (1989). Aðdragandi skóla – Sagan í ártölum. *Bláð-lö*, 11(2), 11–15.
- Kristjana Ólafsdóttir. (1997). Iðjubjálfun í leikskólum. *Iðjubjálfinn*, 19(1), 8–9.
- LKM. (1981, 2. nóvember). „Öll þjálfun felst í daglegum verkefnum“. *Dagblaðið*, bls. 6. <https://timarit.is/page/3106458?iabr=on#page/n5/mode/1up/search/%22%C3%96ll%20%C3%BEj%C3%A1lfun%20felst%20%C3%AD%20daglegum%22>
- Lög um iðjubjálfun nr. 75/1977.
- Maquire, G. (1995). *Fulbright fellowship report* [óbirt skýrsla].
- Maren Ósk Sveinbjörnsdóttir. (1994). Iðjubjálfun í heimahúsi. *Iðjubjálfinn*, 16(2), 16–17.
- Margrét Sigurðardóttir. (1979). Útilega I.Í. *Fréttablað Iðjubjálfafélags Íslands*, 1(2), 5–7.
- Óskar Bender. (1940). Hlutverk vinnunnar. *Berklavarnablaðið*, 2(1), 1 og 4. <https://timarit.is/page/5237159#page/n0/mode/2up>
- Snæfríður Þ. Egilson. (1994). *A cross cultural comparison of the performance of Icelandic children to the norms of United States children on the Miller assessment for preschoolers: A pilot study*. San Jose State University.
- Svkr. (1981, 3. nóvember). Iðjubjálfafélag Íslands: Kynnir iðjubjálfun. *Þjóðviljinn*, bls. 3. <https://timarit.is/page/2879324?iabr=on#page/n2/mode/1up/search/1%C3%B0ju%C3%BEj%C3%A1lfaf%C3%A9lag>
- Þórður Einarsson, Hannes Blöndal, Haukur Þórðarson, Guðlaug Sveinbjarnardóttir og María Þorsteinsdóttir. (1975). *Greinargerð nefndar um menntun sjúkrahjálfa og iðjubjálfa*. Menntamálaráðuneytið.
- Þórhildur Sveinsdóttir. (1993). Starf iðjubjálfa við heimabjónustu. *Iðjubjálfinn*, 15(2), 21–23.
- Þuríður J. Árnadóttir. (1976, 31. október). Hvað er iðjubjálfun? *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 5 og 15. <https://timarit.is/page/3298023?iabr=on#page/n4/mode/1up/search/Emelitu%200%C2%B4Nocon>
- World Federation of Occupational Therapy. (e.d.). Icelandic Occupational Therapy Association. <https://wfot.org/member-organisations/iceland-icelandic-occupational-therapy-association>



Geðdagurinn

Þann 20. maí 2022 var Geðdagurinn haldinn í fyrsta sinn, þverfagleg ráðstefna um geðþjónustu. Ráðstefnan er á vegum geðþjónustu Landspítala þar sem kynntar eru rannsóknir og verkefni sem unnin hafa verið í tengslum við geðþjónustu á Íslandi. Stefnt er á að ráðstefnan verði árleg og gaman væri að sjá erindi frá iðjubjálfum á Geðdeginum í framtíðinni!

Yfirskriftin á Geðdeginum í ár var „Í TAKT VIÐ TÍMANN – Þróun-nýsköpun-vísindi“ og fór hann fram á Hótel Natura. Á ráðstefnunni var m.a. farið yfir stöðu jafningja í geðþjónustu Landspítala sem er mjög ánægjuleg framþróun þar sem einstaklingur sem hefur verið skjólstæðingur geðþjónustunnar er nú starfsmaður. Jafningi miðlar sinni reynslu og veitir stuðning til skjólstæðinga sem eru nú í þjónustu Landspítalans á sumum deildum. Hér er einnig verið að ýta undir skjólstæðingsmiðaða nálgun þar sem jafninginn er með í þróun á að gera geðþjónustuna notendavænni með því að nýta sína reynslu og samtöl sín við núverandi skjólstæðinga. Jafninginn hefur auk þess aðstoðað starfsmenn að aðlagða fræðslu/námsskeið að þörfum skjólstæðinga. Stefnan er að ráða fleiri jafningja í framtíðinni og í fleiri stöðugildi en hingað til hefur einn jafningi verið í hlutastarfi.

Einnig var farið yfir IPS (e. individual placement and support) í geðþjónustu sem er einstaklingsmiðaður stuðningur við starfsleit. Eins og iðjubjálfar vita þá getur það að vera starfsmaður verið mikilvægt hlutverk fyrir einstaklinga. Nú er IPS-starfsmaður, þ.e. atvinnutengill, í geðþjónustu Landspítalans en meðferðargeðdeild í Laugarási hefur auk þess verið með IPS-verkefni í gangi síðastliðin ár í samstarfi við VIRK. Í Laugarásnum nýta iðjubjálfar sér m.a. matstækið Mat á starfshlutverki (WRI) þegar það er viðeigandi, þar sem skjólstæðingar, atvinnutenglar hjá VIRK og/eða atvinnutengill Landspítalans njóta góðs af við atvinnuleit. Iðjubjálfar geta því spilað mikilvægt hlutverk í að fólk með geðrænar áskoranir stundi vinnu eða nám.

Auk þess er vert að nefna að Ragna Kristín Guðbrandsdóttir læknanemi gerði rannsókn á samfélagslegri virkni ungs fólks eftir snemmihlutun í geðrofi á meðferðargeðdeild í Laugarási sem varpaði m.a. ljósi á mikilvægi náms og vinnu í endurhæfingu ungs fólks. Hægt er að sjá kynningu á rannsókn hennar inn á Facebook-síðu Laugaráss.



HRAFNISTA



REYKJALUNDUR
endurhæfing

Sjálfbær þjónusta, sjálfstæðir notendur

Málþing Veltek: Samþætting heilbrigðis- og velferðarþjónustu

Heilbrigðisþjónusta í dreifðum byggðum er áskorun. Til að mæta henni stofnuðu Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN), Heilsuvernd hjúkrunarheimili, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) og Háskólinn á Akureyri (HA) samstarfsklasann Veltek, og héldu málþing um starfið og ýmsar nýjungar í heilbrigðis- og velferðarþjónustu á Akureyri þann 24. júní 2022. Erna Sigmundsdóttir fulltrúi ritnefndar kynnti sér málþingið fyrir hönd ritnefndar.

Yfirmarkmið samstarfsins er að stuðla að heilbrigði, velferð og vellíðan. Veltek vill styðja við að nýjasta tækni verði í auknum mæli notuð til að tryggja heilbrigðisþjónustu óháð búsetu. Mikilvægur stuðningur býðst fagfólki svo það geti betur sinnt sínum störfum og veitt betri þjónustu. Í boði er tengslanet með aðild að klasanum, innan svæðis sem utan og erlendis frá. Veltek tengist sömuleiðis dönskum klasa, Kernet.

Hlutverk klasans er að miðla þekkingu og reynslu innan sem utan hans, kanna tækifæri til samvinnu og samstarfs á norður-slóðum og stuðla að fræðslu um nýsköpun í heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Efla á tengslanetið og skapa tækifæri fyrir aðila klasans til að tengjast fagaðilum utan hans og nýjum notendum. Staðið verður fyrir fræðslufundum og viðburðum fyrir aðila innan og utan klasa og upplýsingum einnig miðlað um viðburði sem samstarfsaðilar standa að, sjá nánar á veltek.is


Miklir möguleikar í stafrænni heilbrigðisþjónustu

Þingið var opnað af Perlu Björk Egilsdóttur, verkefnastjóra Veltek og síðan sett með ávarpi heilbrigðisráðherra, Willums Þórs Þórssonar. Hann brýndi fyrir gestum að nota þyrfti nýja hugsun og nýjar leiðir til að takast á við áskoranir samfélagsins og til að tryggja jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Hann hvatti fólk til að vera opið og stöðugt í leit að nýjum lausnum. Sett var fram stefna árið 2021 fyrir Ísland hvað varðar stafræn

málefni heilbrigðisþjónustunnar og lagður grunnur að framtíðaráætlunum.

Næst fjallaði Niclas Forsling um stafræn umskipti og samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu á strjálbýlum svæðum. Hann vinnur fyrir Center for Rural Medicine í Norður-Svíþjóð sem sinnir litlu svæði en er jafnframt nyrsta svæði heilsugæslunnar. Þar fá um 250.000 manns þjónustu en auk þess hefur stofnunin umsjón með mun stærra svæði þar sem fáir búa og áskorun að komast um. Aðalverkefnið er að koma heilbrigðis- og félagsþjónustu til dreifbýlustu svæðanna. Hann sagði frá heimasíðu verkefnisins, healthcareatdistance.com, en þar er að finna bæklinga og kynningarefni ásamt leiðbeiningum, meira að segja á íslensku. Ljóst er að flest Norðurlöndin kljást við afskekktar byggðir og auðsýnt að nýta má stafræna þjónustu við t.d. innlit á næturnar.

Þá er komið rafrænt eftirlit á sameiginlegri stöð sem fylgist með mörgum skjólstaðingum í einu, eftir þeirra óskum.



Niclas Forsling, sést mynd í mynd.

Auðvitað er farið á staðinn ef eitthvað kemur upp á en annars hægt að spara ferðina og minnka kolefnissporið. Í Austur-Karelíu í Finnlandi hefur heilbrigðis- og félagslega kerfið verið samtvinnnað, en þar var vilji til að færa heilbrigðisþjónustuna heim frá sjúkrahúsum. Þeir eru komnir lengst í þessari þróun. Ekki eru komnar fram margar rannsóknir um þessa tegund þjónustu en ein þeirra segir að 97% notenda óski þess að vera heima sem lengst og 61% af þeim vill nota stafræna þjónustu til að geta verið lengur heima. Hindrunin er að ekki hefur fundist rétta líkanið til að stækka umfangið á þessari tegund þjónustu. Það vantar nýja tegund af upplýsingasöfnun, ný forrit sem oft eru ekki til. Ef hannað er líkan fyrir notanda sem þjáist t.d. af COPD er erfitt að yfirfæra það á fleiri hópa notenda. Þessi tækni styður samt einnig við áframhaldandi búsetu á viðkomandi svæði. Niclas nefndi sérstaklega snjallúrinn sem hægt væri að nýta mun betur í þessu samhengi. Þar væri fullt af upplýsingum sem enn væru lítt nýttar.

Margar áskoranir á norðurslóðum

Norðurslóðir teljast svæðið norður af sextugustu gráðu. Það inniheldur fjölda þjóða og samfélaga þó landamærin séu skilgreind með mismunandi hætti. Mikilvægasta skilgreiningin er þó fólkið á svæðinu; menningarhópar frumbyggja, samfélögin og sú heimsmynd og lífshættir sem fólkið býr við. Embla Eir Oddsdóttir, sem er forstöðumaður Norðurslóðanets, ræddi um norðurslóðasamfélögin, áskoranir og tækifæri til samvinnu og samráðs. Mikilvægt væri að þekking íbúa yrði tekin með í reikninginn, að deila þekkingu samfélaga á milli. Þróunarskýrsla um mannvist á norðurslóðum segir um 4 milljónir búa á þessu svæði, að megninu til í dreifðum byggðum á landsvæðum sem eru lítt byggileg. Sum samfélögin teljast þess vegna til jaðarbyggða með öllum þeim skorti á innviðum sem því fylgja.

Norðurskautsráðið (e. Arctic Council) er helsti samstarfsvettvangurinn og afar mikilvægur. Margir áhugaverðir málaflokkar eru í umræðunni, þ.m.t. velferð samfélaga og heilsa. Upplýsingasöfnun af sumum svæðum hefur reynst erfið og það skekkir myndina. Mikið er rætt um áhrif breyttrar menningar á heilbrigði, sem og áhrif félagslegrar og efnahagslegrar stöðu sem oft á tíðum er ekki eins og best verður á kosið. Umræða um andlega heilsu er mjög áberandi og ekki síst meðal ungs fólks. Neysla áfengis og annarra vímuefna er með versta mótí.



Garðar Már Birgisson,
Thula - Nordic Source Solutions.



Dr. Björg Þórðardóttir,
iðjubjálfi.

Vegna mengunar þarf að flytja vistir og fæðu í auknum mæli til þessara samfélaga, við ótryggar aðstæður.

Lífið á norðurslóðum mótast að mestu leyti af getu og seiglu samfélaganna (e. optimistic problem solving) sem hefur áhrif á sjálfsmynd, hæfni og sjálfstraust einstaklinga og samfélaga, nokkuð sem er lykilatriði til að lifa af á svæði sem þessu. Embla benti á marga samvinnufleti til verndar heilbrigði eins og samstarf við gagnasöfnun, uppbyggingu innviða, tengingar, fjarnám og fjarheilbrigði.

Framtíðin í umsýslu lyfja

Garðar Már Birgisson talaði fyrir hönd þulu tæknifyrirtækis og ræddi um samspil fyrirtækja og heilbrigðisstofnana. Starfsmenn þulu vinna að því að auka öryggi sjúklinga og stuðla að auknu hagræði. Hefur fyrirtækið einbeitt sér að því að þróa hugbúnað tengdan lyfjagjöf og lyfjalager ásamt rafrænum lyfjafyrirmælum á heilbrigðisstofnunum með inniliggjandi einstaklinga. Hann kynnti lyfjatengdar hugbúnaðarlausnir, og sýndi dæmi um árangursríkt samstarf á Norðurlandi þar sem umsýsla lyfja var færð af pappír og faxtæki yfir í stafræn viðskipti.

Fjölbreyttar nýjungar reyndar og rannsakaðar

Aðgengi og velferðartækni eru sífellt veigameiri þættir, og sú nálgun að geta búið áfram heima. Björg Anna Þórðardóttir hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum í þessa veru. Hún er iðju-

þjálfari, gestalektor við HA og gegnir einnig rannsóknarstöðu við Oslo Metropolitan University. Hún vann doktorsverkefni við Lundarháskóla árið 2016 sem snerist um breytingar á hús-næði til að stuðla að þátttöku og áframhaldandi sjálfstæðri búsetu fólks með færniskerðingu. Fókusinn var á að geta sinnt sínum störfum og tekið þátt í samfélaginu heima og heiman.

Strax eftir doktorsnámið tók hún þátt í stóru verkefni, Home4Dem sem var styrkt af Evrópusambandinu. Settir voru upp skynjarar heima hjá fólki á nokkrum stöðum og gervigreindarbúnaður sem átti að læra á rútínu fólksins og senda skilaboð þegar eitthvað færi úrskeiðis og rútínun breyttist. Áherslan var á fólk með byrjunareinkenni heilabilunar og ætlunin að kanna hvaða aðrar breytur kæmu að; heilsa, sjálfstæði, álag á starfsfólk og álag á fjölskyldu. App var svo tengt skynjurunum sem skoðaði hvernig skjólstæðingurinn hagaði sér heimavið.

Það gekk á ýmsu við rannsóknina, að fá fólk til að taka þátt og fá að setja skynjara upp heima. Heilbrigðisstarfsmenn voru mjög efins og það reyndist ákveðin hindrun. Björg og fleiri settu fram rannsókn sem skoðaði þróunina í veferðartækni: Acceptance and use of Innovative Assistive Technologies among People with Cognitive Impairment and Their Caregivers: a Systematic Review. Tilgangurinn var að skoða mismunandi tegundir af velferðartækni sem kom fram 2007–2017 og rannsaka notkun skynjara, gps á lyklakippum eða í skósóla, snjallúra, spjaldtölva og hvers kyns víddarbretta auk vélmenna sem spilafélaga. Niðurstaðan var fyrst og fremst sú að allir sem koma að málinu vilja nota þessa tækni og sjá persónulegan ávinning. Björg minnti á að í HA væri verið að mennta heilbrigðisstarfsmenn framtíðarinnar og mikilvægt væri að vera framarlega og fræða um tækninýjungar og velferðartækni.

Björg vinnur nú að nýju verkefni í Oslo, BoVel 2022, en það er skjáláun sem stefnir að því að draga úr innlögnum á hjúkrunarheimili. Hún er einföld í notkun, aðeins einn takki sem hægt er að snúa eins og í gömlu útvörpunum, smellur heyrst og aðeins hægt að hafa á eða af. Ef skjárin er á, getur fjölskyldumeðlimur verið með skjá heima hjá sér og heilsað upp á notandann og aðstoðað. Björg nefndi einnig SPIS (Stepwise Participatory Implementation Strategies) þar sem leiddir



Samstarfsfirlýsing undirrituð.

eru saman einstaklingar, aðstandendur, heimaþjónusta og hönnuðir velferðarkerfa. Lausnin byggir á needs-led research (James Lind Alliance).

Sveigjanleiki og skipulagsapp skilar sér vel

Á Heilsuvernd hjúkrunarheimili hafa nýjungar verið reyndar hvað varðar dagskipulag. Þóra Sif Sigurðardóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar sagði frá sveigjanlegri dagþjálfun og hvernig lengd dvalartíma á hjúkrunarheimilinu hefði dregist saman frá 2,2 árum í 8 mánuði eftir innleiðingu. Starfsemin er í stöðugri þróun og lögð áhersla á þverfaglega þjónustu. Deborah Júlía Robinson og Eva Björg Guðmundsdóttir fjölluðu um innleiddar nýjungar í velferðartækni í heimahjúkrun HSN. Svæði þeirra er stórt en dreift og alls 22 þúsund þjónustuþegar. Mikilvægt að geta innleitt þessa þjónustu þar sem langur akstur er helsta hindrunin í starfinu. Þar er 350 skjólstæðingum sinnt daglega. Þar hefur Smásöguappið verið innleitt, hver starfsmaður hefur sinn síma og getur séð skipulag dagsins og upplýsingar skjólstæðingsins. Einnig má skrá vitjun í appið. Gott samstarf var milli hönnuða appsins og starfsmanna og búið að fjarlægja flesta hnökra. Jákvæðast var að skjölum fækkaði og allur aðgangur að upplýsingum varð betri. Eva nefndi sem dæmi að ef sýking kæmi í sár væri hægt að taka mynd af sárinu og fá leiðbeiningar frá sárateymi SAK eða sýklalyf frá lækni, sem gæti nálgast myndina í Sögu. Þannig myndi öryggi skjólstæðinga og starfsmanna aukast.

Eva sagði einnig frá Evandos lyfjaskammtara sem hefði reynst vel og stórukið öryggi hvað varðar rétta lyfjagjöf og á réttum tíma. Deborah sagði frá skol- og þurrksetum á salerni sem hafa verið teknar í notkun og aukið á sjálfstæði notenda við þær aðstæður ásamt að fækka sýkingum og innlögnum.

Sjúklingafræðsla á nýjum miðlum

Aukin heilbrigðisfræðsla stuðlar að virkari notendum og þess vegna mikilvægt að styðja við sjálfræði sjúklinga í ákvarðanatöku ásamt að efla færni og sjálfsöryggi sjúklinga til að sinna eigin umönnun og efla þátttöku sjúklings í meðferð. Dr. Brynja Ingadóttir, sérfræðingur í hjúkrun og forstöðumaður Miðstöðvar um sjúklingafræðslu á LSH, ræddi um markmið fræðslunnar, en rannsóknir sýna að sjúklingar hafa miklar væntingar til fræðslu. Nú er lífeðlislegri fræðslu best sinnt; að fræða um eðli sjúkdóms, lyf og fylgikvilla en minni áhersla lögð á að fræða um reynsluna af því að fá sjúkdóminn, siðfræðina og félagsleg atriði. Heilsu-læsi er mikilvægt í bata sjúklingsins og meðferðarheldni.

Brynja sagði frá nýjungum í miðlun sjúklingafræðslu, t.d. Landspítalaappinu, þar getur sjúklingur séð upplýsingar um eigin innlagn, svarað spurningalistum og fylgst með eigin heilsufari. Einnig Heilsu meðveru, sem er samskiptagátt innan Heilsuveru og NunaTrix sem er sprotafyrirtæki hennar á sviði heilbrigðis og sjúklingafræðslu, stofnað 2019. Brynja hannaði tölvuleik fyrir börn sem eru á leið í svæfingu, hann heitir Mína og er ókeypis til niðurbætur á veitum. Hann hefur verið þýddur á ensku og finnsku. Einnig gerði hún leik þegar hún var í doktorsnáminu um verkjameðferð eftir skurðaðgerð. Brynja vildi einnig minna á að persónuleg samskipti notenda og heilbrigðisstarfsfólks væru dýrmæt og mikilvæg til fræðslu og nýta þyrfti tímann vel. Miklu skipti að finna fjölbreyttar leiðir við miðlun fræðslu og að hægt væri að endurtaka þær eftir hentugleika skjólstæðinga.

Fjallabyggð í fararbroddi

Sveitarfélagið Fjallabyggð er orðið vettvangur tilrauna og þróunar á sviði öldrunarþjónustu. Helga G. Erlingsdóttir kynnti nýsköpun og þróun í öldrunarþjónustunni. Þróa á nýjar þjónustuleiðir eða úrræði eftir því sem tilefni gefst til. Helga benti á að yfir 20% íbúa Fjallabyggðar væru 67 ára eða eldri. Nú er farin af stað umbreyting á núverandi dvalarheimilisrymum



Dr. Brynja Ingadóttir,
forstöðumaður miðstöðvar
um sjúklingafræðslu LSH.



Helga G. Erlingsdóttir.

á Hornbrekku í sveigjanlega dagþjálfun, ásamt samþættingu á heima- og stuðningsþjónustu, velferðartækni, forvörnum og verkefnastjórn. Vinnulíkan er tilbúið til næstu 4 ára. Vilji heimamanna er mikill og umhverfið er styðjandi, en frekari þróun strandar á samningum við Sjúkratryggingar Íslands.

Sameiginlegur flötur mikilvægur

Að lokum dró Sigurður E. Sigurðsson saman efni málþingsins og benti á hversu miklu skipti að hafa sameiginlegan vinnuflöt þar sem sprotafyrirtækin og heilbrigðisstofnanir gætu unnið saman og látið hlutina gerast, mögulega hraðar en ef ríkið kæmi að málum. Að þingi loknu var undirrituð samstarfsýfirlýsing milli Fjallabyggðar, HSN og Veltek.

Málþing eins og þetta má telja nauðsynlegt, það er vettvangur hugmynda og fræðslu auk þess sem mikil hvatning felst í reynslusögum annarra og brýnir það sem skiptir máli í málefnum líðandi stundar.

*Veltek.is
Healthcareatdistance.com
Arcticiceland.is*



Hlutverk iðjubjálfa í leikskólum

Ég útskrifaðist vorið 2014 og þá voru fá störf í boði svo ég ákvað að vinna ekki sem iðjubjálfi í einn vetur og nýta tímann í að horfa í kringum mig eftir störfum við mitt hæfi. Haustið 2015 var ég ráðin inn sem iðjubjálfi á leikskólann Lundarsel á Akureyri. Áður hafði enginn iðjubjálfi starfað á Lundarseli og vissi ég lítið út í hvað ég var að fara – en að stökkva í djúpu laugina og að hugsa sem minnst virkar oft best! Ég byrjaði á yngstu deild skólans þar sem ég starfaði sem almennur kennari en gat samt nýtt mína þekkingu í starfinu. Það var leitað til mín varðandi ýmislegt og ég hélt til dæmis fyrirlestur á starfsmannafundi um vinnuvistfræði. Árin 2016–2018 var ég stuðningur inn á deild með einu til tveimur börnum þar sem ég fylgdi þeim eftir og sá um námskrána þeirra, hélt utan um foreldrasamskipti og allt sem þurfti að fylgja eftir.

Árið 2020 byrjaði ég í sérkennsluteymi leikskólans. Það teymi samanstendur af sérkennslustjóra, iðjubjálfa og þremur leikskólakennurum. Starfið breyttist til hins betra við þessa þróun. Teymið vinnur saman sem ein heild yfir allan skólann og skiptist á að sinna kennslu barna með sérþarfir. Kennslan felur í sér einstaklingsmiðaða nálgun fyrir hvert og eitt barn



Útibingó þar sem unnið er með nærumhverfi barnanna. Farið er í göngutúr og hlutirnir á bingóspjaldinu eru fundnir.

og við mætum þeim þar sem þau standa hverju sinni. Teymið sinnir málörvun, félagsfærniþjálfun, gróf- og fínhyfjþjálfun sem og vitsmunalegri þjálfun. Þá fyllum við út matslista t.d. fyrir skóladeild Akureyrarbæjar eða Ráðgjafar- og greiningarstöðina ef börn þurfa að fara í frekara mat. Þá höfum



Við keyptum spil á leikskólann og bættum verkefnum við. Hér er unnið með samstöfur orða, fyrsta staf í dýraheiti og að lokum mynstur í fatnaði.



Einstaklingsvinnustund. Hér er unnið með skynjun og tölur þar sem barnið veiðir frauðtölustafi upp úr hrísgrjónum og setur á réttan stað.


við búið til alls konar námsefni fyrir leikskólann sem bæði teymið og deildirnar nota í sinni daglegu vinnu. Að fylgjast með framförum og þroska barnanna er það sem hefur gefið mér hvað mest í vinnunni. Foreldrasamstarfið er stór hluti af teymisvinnunni og að finna fyrir því að foreldrar treysti okkur fyrir barninu sínu á hverjum degi er ómetanlegt. Stundum er vinnan svo náin að við erum orðin hluti af fjölskyldunni og okkur finnst við eiga smá í barninu.

Þverfagleg samvinna er gríðarlega mikilvæg í teymisstarfinu og kemur sér vel að hafa mismunandi námsbakgrunn og þekkingu. Þá er margs konar endurmenntun í boði fyrir leikskólastarfsfólk og hef ég t.d. farið á réttindanámskeið í TEACCH kennsluáðferðinni, Íslenska máhljóðamælinum, Íslenska þroskalistanum, PECS, TRAS og CAT-kassanum. Þá eru námskeið í boði þar sem hægt er að dýpka þekkingu sína á því námsefni og stefnu sem skólinn notar í starfi sínu, t.d. *Lubbi finnur málbein, Leikur að læra og SMT-skólafærni*.



Myndrænt skipulag í fataherbergi. Barnið sér hvernig veðrið er úti og hvaða fót það á að fara í, í réttri röð.

Að fá tækifæri og traust til þess að byggja upp starf iðjuþjálfra á Lundarseli er ómetanleg reynsla sem mun fylgja mér alla tíð og stjórnendum leikskólans færi ég bestu þakkir fyrir þetta traust. Þá vil ég hvetja iðjuþjálfra, nýja sem gamla, að sækja um starf á leikskólum því okkar reynsla, menntun og þekking getur svo sannarlega nýst á þessum starfsvettvangi.



Undanfarin ár hefur sérkennsluteymið málað útisvæði leikskólans og er það nýtt mikið á sumrin í útikennslu. Þar er unnið með bókstafi, tölustafi og hreyfingu.

Leikur að læra stund. Telja dýr og setja á rétta tölu.



Fleiri iðjubjálfar í grunnskólum – öflugra skólastarf

Iðjubjálfun hefur á síðustu tveimur áratugum fest rætur sínar í skólum landsins. Vítt og breitt um landið vinna iðjubjálfar í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Áhersla iðjubjálfa innan skólakerfisins hefur verið að styðja við þátttöku nemenda með sérþarfir þannig að þeir nýti sér til fulls tækifærin sem sérkennsla býður upp á. Eins og fræðigreinar, lög og reglugerðir benda á býður skólakerfið upp á atvinnutækifæri fyrir iðjubjálfa. Með innleiðingu skóla án aðgreiningar hefur álagið á kennara aukist. Það er ekki hægt að bjóða nemendum með fjölbreyttar sérþarfir upp á skóla fyrir alla ef þjónusta og skilningur á vanda þeirra er ekki til staðar. Tilgangurinn með greininni er að vekja athygli á stöðu iðjubjálfa sem vinna í grunnskólum og að benda á mikilvægi þess að löggilda iðjubjálfun sem faggrein til þess að enn fleiri iðjubjálfar fái tækifæri að vinna með börnum og unglingum í nærumhverfi þeirra.

Iris Waitz heiti ég og ég hef verið starfandi iðjubjálfi í grunnskóla á Húsavík í 19 ár. Einnig er ég meistaranemi í fötlunarfræði við Háskóla Íslands. Mér þykir vænt um vinnustaðinn minn og mér finnst mjög gaman að vinna með börnum. Staðan er því miður líka þannig að ég þarf enn þann dag í dag að „sanna“ tilveru mína í grunnskólanum, og heyri setningar eins og: „Ég myndi nú helst vilja ráða þroskabjálfa“ eða „þú ert hér af því skólastjórinn sér þörf á því“ eða „iðjubjálfun er ekki löggilt starf í lögum um grunnskóla“. Eftir öll árin er ég orðin mjög leið á að þurfa enn að hlusta á slíkar athugasemdir.

Skólastjórnendur hafa víðsýni til að ráða iðjubjálfa inn í skóla, en í rauninni mega þeir það ekki. Skólastjórnendur þurfa alltaf að rökstyðja ráðningu iðjubjálfa. Þar fyrir utan hefur höfundur á tilfinningunni að iðjubjálfun hafi verið efst á lista sparnaðaraðgerða þar sem enginn lagalegur stuðningur er á bak við okkur.

Mig langar samt ekki að hætta að vinna með nemendum í grunnskóla! Ég hef mikla trú á að starf iðjubjálfa gegni lykilhlutverki innan skóla landsins. Víðsýni í okkar starfi gerir okkur kleift að þjóna ekki aðeins nemendum og foreldrum þeirra heldur líka starfsfólki skóla. Við iðjubjálfar erum færir um að miðla milli þessara ólíku hópa.

Áhersla iðjubjálfa innan skólakerfisins hefur verið að styðja við þátttöku nemenda með sérþarfir þannig að þeir nýti sér til fulls tækifærin sem sérkennslan býður upp á. Michelle Villeneuve skilgreinir hlutverk iðjubjálfa innan skóla enn frekar:

- a) Að bæta færni nemenda til að auka skólaþátttöku.
- b) Ráðgjöf fyrir starfsfólk skólans varðandi skólafærni nemenda og aðferðir til að auka getu nemenda.
- c) Að vinna með hugarfarsbreytingar sem koma í veg fyrir fulla þátttöku nemenda.
- d) Að finna leiðir, aðferðir og tækni sem ýta undir aukna skólagetu þrátt fyrir skerðingar (Villeneuve, 2009).

Fyrir utan það aðlaga iðjubjálfar þjónustu sína að þörfum skólanna og veita öllum nemendum aðstoð við þátttöku í skólastarfi. Rannsókn Eve Hutton sem hún lýsir í greininni „Occupational Therapy in Mainstream Primary School: An Evaluation of a Pilot Project“ sýnir fram á að aðstoð og þjálfun iðjubjálfa nýtist fleiri nemendum innan grunnskólans ef iðjubjálfi er staðsettur innan skóla (Hutton, 2009). Starf iðjubjálfa innan skólans byggir á að vera í stöðugu samtali við kennara, stuðningsfulltrúa og sérfræðinga sem koma að málefnum nemenda. Hlutverk iðjubjálfa innan grunnskóla er augljóst í grein Anitu N. Niehues og félaga þar sem stendur að eitt af lykilhlutverkum iðjubjálfa sé að lýsa og útskýra eiginleika nemenda fyrir samstarfsfélögum sem leiði til aukins skilnings á hegðun og skólafærni nemenda (Niehues o.fl., 1991).

Í bók sem kom út 2011, *lðja, heilsa og velferð: lðjubjálfun í íslensku samfélagi* skrifuðu Snæfríður Þóra Egilson og Sara Stefánsdóttir kaflann „lðjubjálfun barna og unglunga“. Þar telja þær upp helstu vinnustaði lðjubjálfa með áherslu á lðjubjálfun barna. Það voru vinnustaðir eins og Æfingastöðin, Barna- og unglingageðdeild Landspítalans og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (Snæfríður Þóra Egilson og Sara Stefánsdóttir, 2011). Þessar stofnanir eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu og þess er krafist að börn búsett úti á landi þurfi að leggja á sig ferðalag til þess að geta fengið þjónustu þeirra. Auðvitað hafa starfsmenn þessara stofnana líka lagt á sig vinnu og heimsótt börnin í nærumhverfinu. Þegar sum börn hitta ókunnuga geta þau átt það til að verða feimin, draga sig í hlé og haga sér ekki eins og foreldrar og starfsfólk leik- eða grunnskóla vænta. Snæfríður Þóra Egilson og Sara Stefánsdóttir benda líka á að þjónusta lðjubjálfa fer núorðið í auknum mæli fram í nærumhverfi barnsins, með vinnu í skólum og hjá sveitarfélögum. Lengi vel voru stærstu skjólstaðingahópar lðjubjálfa börn með hreyfihömlun eða hreyfiþroskaröskun og fengu þjónustu á heilsugæslustöðvum. Núorðið vinna lðjubjálfar mikið með börnum sem glíma við sálfélagslega örðugleika, s.s. hegðunarvanda af ýmsum toga og athyglisbrest með ofvirkni, og með börnum á einhverfurófi (Snæfríður Þóra Egilson og Sara Stefánsdóttir, 2011). Teymisvinna þessara barna fer fram í skólunum fyrir tilstuðlan félagsþjónustu.

Skóli án aðgreiningar er hugtak sem yfirleitt er notað þegar talað er um hvernig skólarnir koma til móts við alla nemendur skólans, sérstaklega þá sem þurfa á auknum stuðningi í námi að halda. Á Íslandi er skóli án aðgreiningar lögfestur og markar opinbera stefnu um skóla og menntun. Einnig þarf þó að horfast í augu við að margir kennarar telja skóla án aðgreiningar vera aukaverkefni. Út frá því hefur á síðustu árum aukist álag á kennara og þeir þurft að takast á við nýjar áskoranir vegna vaxandi fjölbreytileika í nemendahópnum. Höfundar fræðigreinarinnar „Opinber stefna, skólakerfið og hlutverk kennara: Viðbragðsbúnaður skólans“ benda á álagið sem kennarar og stjórnendur grunnskóla þurfa að þola. Þær nefna einnig mikilvægi þess að „auka þurfi fjölbreytni í þjónustu til að sinna sértækum þörfum nemenda og færa sérfræðinga í ríkara

mæli inn í skólann, á vettvangi kennara og nemenda“ (Sigrún Júlíusdóttir og Sigrún Harðardóttir, 2019).

Í lögum um grunnskóla stendur að stuðla eigi að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Hér komum við lðjubjálfar inn í starf grunnskóla. Við getum þó varla nálgast alla nemendur ef lðjubjálfar fá ekki tækifæri til þess að vinna í skólunum. Því miður þarf að gera sér grein fyrir því að skólaþjónusta sveitarfélaga, sem heldur utan um sérfræðiþjónustu eins og þjónustu skólasálfræðinga og þjónustu félagsráðgjafa, er oft rekin fyrir utan skólana og mun þannig aldrei ná til allra nemenda.

Styrkleikar lðjubjálfa felast meðal annars í að vinna með börnum með sérþarfir. Okkur er kennt að finna fjölbreyttar lausnir og að horfa á mál með gagnrýnum augum. Í vinnu með nemendum með sérþarfir eða fatlanir er mikilvægt að ganga ekki út frá því að hefðbundnar leiðir séu þær réttu. Oft þarf að fá nýjar hugmyndir og endurhugsa aðferðir og nálgun á viðfangsefni. Í lögum um grunnskóla stendur í IV. kafla, 17. grein að „... nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir“ (lög um grunnskóla nr. 91/2008). lðjubjálfar gætu vel tekið að sér að meta þessar sérþarfir og í sömu grein stendur að skólastjóri geti ráðið aðra aðila til stuðnings telji hann það nauðsynlegt. Þennan stuðning geta umsjónarkennarar, sérkennarar eða aðrir kennarar veitt en skólastjórar geta jafnframt ráðið aðra aðila til verksins að fengnu samþykki sveitastjórnar (reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010).

Eins og fræðigreinar, lög og reglugerðir benda á, býðst lðjubjálfum atvinnutækifæri í skólum landsins og ekki er hægt að horfa framhjá því að með ákvörðun Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um innleiðingu skóla án aðgreiningar hefur álag á kennara aukist. Því miður þurfum við að gera okkur grein fyrir að innleiðing svo umfangsmikillar stefnu mun ekki fara fram án aukins fjármagns. Það er ekki hægt að bjóða nemendum með fjölbreyttar sérþarfir upp á skólagöngu þar sem

fagfólk sem hefur þekkingu og skilning á þörfum og þjónustu við þessa nemendur vantar. Með þessum orðum langar mig að sýna fram á að iðjubjálfun á tilverurétt innan grunnskóla landsins. Innan grunnskólanna geta iðjubjálfar unnið með nemendum á öllum aldri í nærumhverfi þeirra. Því miður sé ég það þó ekki gerast fyrr en iðjubjálfun fær löggildingu innan skólakerfisins.

Heimildaskrá:

Hutton, E. (2009). Occupational therapy in mainstream primary schools: An evaluation of a pilot project. *British Journal of Occupational Therapy*, 72(7), 308–313.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Niehues, A. N., Bundy, A. C., Mattingly, C. F. og Lawlor, M. C. (1991). Making a difference: *Occupational therapy in the public schools. The Occupational Therapy Journal of Research*, 11(4), 195–212.

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.

Að mínu mati myndi löggildingin styrkja stöðu iðjubjálfunar til þess að iðjubjálfar fái aukin tækifæri til þess að stuðla að betra og heilsteypara starfi innan skóla landsins. Fleiri fagstéttir og fjölbreyttara val fagstétta innan skólakerfisins getur aðeins verið til góðs og gert gott skólakerfi enn betra.

Sara Stefánsdóttir og Snæfríður Þóra Egilson. (2011). Iðjubjálfun barna og unglinga. Í Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson (ritstjórar), *Iðja, heilsa og velferð: Iðjubjálfun í íslensku samfélagi* (bls. 137–158). Háskólinn á Akureyri.

Sigrún Júlíusdóttir og Sigrún Harðardóttir. (2019). Opinber stefna, skólakerfið og hlutverk kennara: Viðbragðsbúnaður. *Stjórnmal & Stjórnsýsla*, 15(1), 113–134.

Villeneuve, M. (2009). A critical examination of school-based occupational therapy collaborative consultation. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 76(1), 206–218.

Siðareglur Iðjubjálfafélagsins skiptast í fjóra kafla og eru nokkrar greinar undir hverjum þeirra. Hver kafli fjallar um ákveðið efni og hefur sína yfirskrift.

Iðjubjálfi og samfélagið

4.3. Iðjubjálfi hefur frumkvæði að og er virkur þátttakandi í stefnumótun heilsueflingar, hæfingar- og endurhæfingarþjónustu innan heilbrigðis-, félags- og menntakerfis.

Að axla ábyrgð og hafa uppbyggileg áhrif á umhverfis-, félags- og stjórnarhætti í heild sinni er hluti af samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni til lengri eða skemmri tíma. Í uppbyggingu og stefnumótun er mikilvægt að huga að öllum skjólstæðingahópum sem félög og stofnanir sinna á einn eða annan hátt, þ.m.t. þjónustu iðjubjálfa. Það að grípa tækifærið til að vekja athygli ráðamanna á mikilvægi þjónustu iðjubjálfa við ýmsa haghópa og þar með upplýsa og fræða um hlutverk iðju til valds og velferðar í samfélaginu á ýmsa vegu má ekki láta fram hjá sér fara. Við hugsum um þjónustu iðjubjálfa við skjólstæðinga okkar sem

ákveðinn hluta af virðisbætur samfélagsins, aflgjafa og uppsprettu nýrra tækifæra til eflingar á þjónustu. Það veitir jafnframt innblástur og kraft til að bæta þjónustuna í þágu skjólstæðinga til samanburðar við aðra þjónustu.

Því hvetjum við iðjubjálfa til að nýta tækifærin og láta í sér heyra þegar býðst í þágu samfélagsins í heild sinni – saman erum við öflug.

F.h. Siðanefndar Iðjubjálfafélags Íslands

Ragnheiður R. Magnúsdóttir

Efni sem stuðst er við:

Festa. (e.d.) *Tökum ábyrgð*.

<https://samfelagsabyrgd.is/samfelagsabyrgd/>

Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson. (2011).

Iðja, heilsa og velferð: Iðjubjálfun í íslensku samfélagi. Háskólinn á Akureyri.

Gefðu gjöfina af góðum félagsskap

JOY FOR ALL dýrin eru sérstaklega
hönnuð til að veita gleði og félagsskap hjá
öldruðrum ástvinum

JOY FOR ALL Kisur



Verð: 28.900.- m.vsk

- Með innbyggðum skynjara, skynjar kisan hreyfingu og snertingu eins og faðmlag og klapp líkt og raunveruleg kisa.
- Hljómar og hreyfir sig eins og alvöru kisa með byltingarkenndri Vírapurr tækni.
- Er með feld sem líkist raunverulegum feldi sem hægt er að greiða (Bursti fylgir með)
- Kisurnar koma í þrem litum:
Silver with white mitts
Tuxedo
Orange Tabby

JOY FOR ALL Hundar



Verð: 31.900.- m.vsk

- Með innbyggðum skynjara, skynjar hvolpurinn snertingu.
- Með byltingarkenndi barkback tækni bregst hvolpurinn við rödd þinni.
- Hægt er að finna og heyra hjartslátt hvolpsins.
- Er með feld sem líkist raunverulegum feldi sem hægt er að greiða (Bursti fylgir ekki)
- Hundarnir fást í tveim litum
Freckled pup
Golden pup

SALERNISLAUSNIR

Notalegar salernisferðir - allt lífið



R2D2 Salernislyfta

R2D2 er lyftikerfi til hækkunar og lækkunar, sem gerir salernisferðir auðveldari fyrir eldri borgara og einstaklinga með hreyfihnanlir.

Setulyftan er hægt að nota með öllum salernum, hvor sem er venjuleg seta eða skolseta.

Þarfast ekki uppsetningar, einugis inntungu við salernið.

Fást einnig með inbyggðum hnapp til stjórnunar á skolsetu.



Care Bidets Jasmin Care XL

Skolseta með öflugum þvotti og þurrki.

Varan er þróuð með notkun í öldrunarþjónustu að leiðarljósti.



Er ekki bara best að taka nema!

Það er vel við hæfi þar sem ég læt af embætti deildarformanns 1. ágúst 2022 að líta bæði um öxl og fram á við. Síðustu tvö ár hafa eins og allt annað einkenst af áhrifum COVID-19 og birst m.a. í taugatitringi og óvissu hjá nemendum og starfsfólki yfir vettvangsnámi, lotum og námsmati í umhverfi þar sem fátt gekk upp sem áætlað var. Við stóðum þetta þó allt af okkur með frábærri samvinnu við ykkur. TAKK. Við erum nefnilega í þessu saman. Námi í iðjubjálfun getur ekki orðið án þátttöku iðjubjálfa í samfélaginu og öfugt, án náms og nýliðunar tapast styrkur stéttarinnar.

Áskoranirnar voru líka af ánægjulegri toga því metfjöldi nemenda hefur innritast í grunnnámið, þriggja ára BS-nám í iðjubjálfunarfræði, á síðustu tveimur árum. Árið 2020 voru samþykktir 75 nýnemar í námið og árið 2021 voru þeir 65. Umsóknartölurnar fyrir haustið 2022 eru yfir 55. Nemendafjöldinn við deildina hefur margfaldast á síðustu árum. Þetta eru auðvitað góðar fréttir m.a. í ljósi skorts á iðjubjálfum víða í samfélaginu en þetta þýðir líka að nú reynir á áframhaldandi samstarf okkar, deildar og vettvangs, sem aldrei fyrr því þessir nemendur þurfa vettvangsnámspláss. Vettvangsnám er stór hluti af náminu eða 1000 stundir samkvæmt stöðlum Heims-sambands iðjubjálfa (World federation of occupational therapists). Alls eru 200 stundir á vettvangi í þriggja ára BS-náminu og 800 í árs starfsréttindanáminu. Að koma svo mörgum nemendum í nám á vettvangi er því mikil áskorun.

Með breyttri námskrá sem tók gildi árið 2017 var m.a. lögð áhersla á í starfsréttindanáminu að skapa lærdómssamfélag milli nemenda, leiðsagnarkennara og vettvangsleiðbeinenda. Þar koma aðilar saman t.d. í leiðsagnartímum til að deila þekkingu sinni og til að læra og eflast. Þetta er verkefni í þróun en svörun frá leiðbeinendum á vettvangi hefur verið jákvæð og bendir til þess að tekist hafi að skapa samfélag þar sem allir græða á að taka þátt. Hér er því tækifæri fyrir iðjubjálfa til að hafa áhrif og láta ljós sitt skína.

Þegar þetta er ritað, í sumarbyrjun 2022, er að verða ár síðan fyrsti árgangurinn sem lauk 60 eininga námi í iðjubjálfun – starfsréttindanámi á meistarastigi útskrifaðist. Það var stórkostleg stund, sannkölluð uppskeruhátíð og mikið fagnaðarefni fyrir nemendur, kennara og iðjubjálfastéttina að nám í faginu væri nú komið á meistarastig – en ætti að láta staðar numið hér? Hvað með að stefna enn lengra og setja markið hærra? Menntunar- og kjaramál eru t.d. nátengd. Við í iðjubjálfunarfræðideildinni eigum okkur draum sem við vonum að fleiri iðjubjálfar deili með okkur. Draum um enn hærra menntunarstig iðjubjálfa á Íslandi og til að ná því er nú stór hluti starfsfólks deildarinnar í doktorsnámi en reikna má með að iðjubjálfum með doktorsgráðu fjölgi um a.m.k. fimm á næstu 1–3 árum. Það eru spennandi tímar framundan. Við deildina verður einnig fetuð ótroðin slóð í haust þar sem Sigrún Kristín, Kittý, tekur við af mér sem deildarformaður en hún býr í Kanada. Heimsfaraldurinn fékk okkur nefnilega til að hugsa ýmislegt upp á nýtt, m.a. um helgun í starfi og staðsetningu. Og þið vitið, allt sem heyrir að sé ómögulegt að framkvæma er sem olía á eldinn hjá iðjubjálfum!

Það er dýrmætt og ekki sjálfgefið að tilheyra vinnustað, deild og stétt sem ég er stolt af. Að vinna á hverjum degi með fólki sem brennur fyrir menntun og störfum iðjubjálfa. Vöxturinn og krafturinn er ljós og næg tækifæri framundan. Við höfum unnið að því að uppfæra á heimasíðu iðjubjálfafélagsins upplýsingar um „Nám í iðjubjálfun“ og m.a. um kosti þess að vera vettvangsleiðbeinandi og hvert áhugasamir geta snúið sér. Verkefnastjórar vettvangsnáms eru tveir; Hafdís Hrönn sér um BS-námið og Hulda Þórey um starfsréttindanámið. Þar sem við erum í þessu saman ... er þá ekki bara best að taka nema?

Að lokum óska ég nýútskrifuðum iðjubjálfum innilega til hamingju með áfangann. Það hefur verið sönn ánægja að fylgja ykkur síðustu fjögur árin í náminu og hver sá staður sem fær að njóta starfskrafta ykkar í framtíðinni er heppinn!



Dans- og hreyfimeðferð fyrir félagslega heilsu á Íslandi, tillaga að meðferðaráætlun

Mastersverkefni til prófs í dans- og hreyfimeðferðarfræði, ágúst 2020. Birt veggspjald á Vísindi að hausti, sept. 2020, ráðstefna LSH, og veggspjald og vinnustofa á Compassion and Inclusion in Art Therapy, 21. ráðstefna listmeðferðarfræðinga á Norðurlöndum, Svíþjóð 2021.

Einmanaleiki og félagskvíði eru þekkt vandamál sem fylgja oft öðrum röskunum innan geðheilbrigðiskerfisins en 12% íslendinga og tæpur helmingur allra 75% örorkulífeyrisþega þjáist af geðröskun¹, þ.a.l. um 5% þeirra félagskvíðinn. Margt bendir til þess að meðferð í hópi gagnist hvað best þar sem félagsfælnin er afhjúpuð í öruggu umhverfi². Vegna líkamlegra skynjana sem fylgja vandanum gæti dans- og hreyfimeðferð reynst vel³.

Innblástur verkefnisins var að:

- styðja nýsköpun í geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi
- veita félagslegum þörfum byr undir báða vængi
- veita félags- og tilfinningaþörfum í eiginlegri og óeiginlegri hreyfingu athygli

Rafræn könnun var lögð fyrir notendur samfélagslegra geðúrræða um eftirfarandi atriði:

- mæld félagsfælni
- vilji til að taka þátt í dans- og hreyfimeðferð
- áskoranir við þátttöku
- væntingar um meðferðarmarkmið til að vinna með

Alls höfðu 36 þátttakendur nýtt sér samfélagsleg geðúrræði, þar af 26 konur (72,2%) og 10 karlar (27,8%). Af öllum þátttakendum höfðu 19 konur áhuga á að taka þátt í dans- og hreyfimeðferð (52,8%) og 6 karlar (16,7%). Þátttakendur nefndu atriði tengd félagsfælni, tjáningu, kvíða, trausti, og sjálfsáliti þegar spurðir út í áskoranir sem þeir teldu fylgja dans- og hreyfimeðferð, og þegar spurðir út í markmið sem þeir myndu vilja vinna með í meðferðinni kaus helmingur eða fleiri sjálfsmynd, sjálfstraust, félagsfærni, og tjáningu. Mæld félagsfælni hafði ekki forspárgildi um hvort þátttakandi játti því að taka þátt í dans- og hreyfimeðferð eða ekki ($p=0,824$). Fimm tíma meðferðaráætlun var sniðin með félagskvíða og væntingar þátttakenda í huga, auk þess sem snert var á íslenskum dansmenningararfi.

Tafla 3.

Þemu sem upp komu við opnu spurninguna „Hvaða áskoranir telur þú að þátttaka í dans- og hreyfimeðferð geti falið í sér?“ ásamt dæmum um svör og prósentuhlutföll allra notenda samfélagslegra geðúrræða sem svöruðu eftir tilteknum þemum.

Þema	Dæmi	Fjöldi	% þeirra sem svöruðu spurningunni	% Allra notenda samfélagslegra geðúrræða
Félagsótti	„feimni“ „að koma út úr skelinni minni“ „að þora“ „að sleppa takinu“	14	58,3	38,9
Tjáning	„stífni og taktleysi“ „að dansa“ „að vera opin“	10	41,7	27,8
Kvíði	„skömm“ „kvíði“ „óþægilegt fyrst“	6	25	16,7
Traust	„að treysta“ „nánd“ „fólk sem er illa við hvert annað og hefur beitt ofbeldi“	5	20,8	13,9
Sjálfstraust	„sjálfstraust“ „að skemmta sér“	3	12,5	8,3

Myndir af heimsráðstefnu í París



ELÖFLEX

Með Eloflex getur þú
endurheimt frelsið!

Léttur, samanfellanlegur,
fyrirferðarlítill og þægilegur í akstri.

Snjöll hönnun Eloflex-rafmagnshjólástólsins
gerir notendum kleift að leggja hann saman á
aðeins nokkrum sekúndum.



Ný kynslóð rafmagnshjólástóla

Rafmagnshjólástólinn hentar vel fyrir fólk á ferðinni sem kys frelsi og sveigjanleika sem
felst í því að geta tekið stólinn með í bílinn eða ferðalagið.



Týpa F

Lyftanlegir armar
Hallastilling á efrihluta baks
Stillanleg setbreidd og setdýpt
Uppfellanleg fótahvíla
Einfalt stjórnborð
2x 250W mótórar
Hámarkshraði 6,5 km/klst
Drægni 30 km
Þyngd 26 kg
Hámarksþyngd notanda 120 kg
Verð: 689.800,-



Týpa P

Samflegjanlegur með
hallastillanlegri setu
Lyftanlegir armar
Bak með hæðarstillingu og
riflášum
Stillanleg setbreidd og setdýpt
Uppfellanleg fótahvíla
2x 250W mótórar
Hámarkshraði 6,5 km/klst
Drægni 30 km
Þyngd 28 kg
Hámarksþyngd notanda 160 kg
Verð: 769.800,-



Týpa D2

Hægt að taka í sundur í 2 hluta
Lyftanlegir armar
Hallastilling á efrihluta baks
Stillanleg setbreidd
Uppfellanleg fótahvíla
2x 250W mótórar
Hámarkshraði 6,5 km/klst
Drægni 30 km
Þyngd 33 kg
Hámarksþyngd notanda 160 kg
Verð: 798.900,-



Týpa H

Fyrir þyngri notendur
Lyftanlegir og hæðarstillanlegir
armar
Bak með riflášum og
mjóbaksstuðningi
Stillanleg setbreidd
Uppfellanleg fótahvíla
2x400 W mótórar
Hámarkshraði 8 km/klst
Drægni 30-40 km
Þyngd 38 kg
Hámarksþyngd notanda 200 kg
Verð: 1.049.000,-

Eloflex er í samningi við Sjúkratryggingar Íslands.

Fagfólk STODAR veitir nánari upplýsingar og ráðgjöf

STOD Trönuhrauni 8, Hafnarfirði og stod.is





Nám á vettvangi

– iðjuþjálfunarfræði og iðjuþjálfun

Vettvangsnám og vettvangsheimsóknir eru mikilvægur hluti af námi nemenda við iðjuþjálfunarfræðideild HA. Nú þegar umsóknnum um nám við deildina hefur fjölgað verulega þarf að huga að fjölgun iðjuþjálfara í hlutverki tengiliða og leiðbeinenda – en hvernig förum við að því? Iðjuþjálfunarfræðideildin hefur í gegnum árin verið í góðri samvinnu við starfandi iðjuþjálfara sem hafa leiðbeint nemendum en við viljum gera enn betur.

Iðjuþjálfunarfræði

Nemendur í iðjuþjálfunarfræði til BS-gráðu fara í vettvangsheimsóknir á öllum þremur námsárunum en þær eru hluti af sex námskeiðum. Nemendurnir fara oftast í heimsóknir á vettvang tveir til þrír saman. Í námskeiðunum *Inngangur að iðjuþjálfunarfræði og þjónustuferli* og *fagleg rökleiðsla 1 og 2* fara nemendur á staði þar sem iðjuþjálfar starfa. Í námskeiðunum þjónusta og vettvangur og Félagslegt umhverfi, stuðningur og tengsl kynnast nemendur hins vegar fjölbreyttum stöðum sem tengjast velferðarþjónustu í íslensku samfélagi.

Á staðnum heldur tengiliður nemenda utan um heimsóknina. Hlutverk hans er að sjá um að nemendurnir fái viðeigandi námstækifæri í heimsóknunum. Hann sér um að skipuleggja heimsóknina og vera í tengslum við nemendurna og verkefnastjóra vettvangsnáms eftir því sem við á.

Dagný Þóra Baldursdóttir, iðjuþjálfari á Reykjalundi

Það er mikilvægt fyrir mig sem fagmann að vera í tengslum við háskólasamfélagið og leggja mína þekkingu og reynslu á vogar-skálarnar. Ég tel það einnig efla mig sem einstakling að vera hluti af að leiðbeina og gefa af mér til komandi iðjuþjálfara. Ég legg mig fram um að vera jákvæð fyrirmynd og miðla af mér til nema, bæði sem einstaklingur og iðjuþjálfari.

Það er hagræði fyrir mig og vinnustað minn að fá að fylgjast með faglegri þróun í iðjuþjálfanáminu. Auk þess nýtur vinnustaður minn góðs af að komandi iðjuþjálfar fái kynningu á starfinu sem þar fer fram. Því fleiri námstækifæri fyrir nema á ólíkum starfsvettvangi iðjuþjálfara, því betra.

Mínar helstu hindranir í að taka nema eru tengdar starfshlutfalli mínu. Það er ákveðin áskorun að komast yfir öll verkefni í hlutastarfi. Þau skipti sem ég hef tekið nema hefur það aukið minn faglega og persónulega þroska og algjörlega verið þess virði. Ég hvet alla iðjuþjálfara til að stíga skrefið og prófa að taka nema, það er lærdómur fólgin í því fyrir þig sem einstakling, skjólstæðinga þína og vinnustað þinn.

Erna Kristín Sigmundsdóttir, iðjuþjálfari hjá HSN

Mér fannst ég ekki geta boðið nema pláss þegar ég fékk fyrst tölvupóst frá HA. Mér fannst ég ekki hafa nægilega góða aðstöðu, ekki nóg að bjóða og bjó til endalausar afsakanir þar til ég áttaði mig á að ég sjálf var stærsta hindrunin. Ég ákvað að láta slag standa, sagði já og í stuttu máli sagt þá gekk þetta vonum framar. Ég fann að ööryggið hvarf þegar við sátum saman og ræddum íhlutun og aðferðir og ég gat miðlað reynslu minni af vinnu með skjólstæðingum.

Ég fann að rökleiðslan, sem svo rík áhersla var lögð á í náminu, rann áfram viðstöðulaust og það sköpuðust afar fróðlegar og skemmtilegar umræður. Ég sá á svip nemans þegar hlutirnir fóru að smella saman og hún fór að sjá allt sem hún hafði verið

að þræla sér í gegnum í skólanum raðaðist saman í eina heild. Mér þótti gaman að sjá þetta gerast og vera hluti af því að neminn tengdi saman fræðin og vinnuna. Ég man þegar ég var á sama stað í mínu síðasta verknámi og mér finnst mikilvægt að við sem leiðbeinendur gerum nemum það kleift.

Um leið var þetta góð leið til þess að rifja ýmislegt úr náminu upp, auk þess sem ég gat nálgast gögn og tæki frá HA sem ég hefði annars ekki getað gert. Ég fór út fyrir þægindarammann en nú finnst mér ég vera öflugri iðjuþjálfari, meðvitaðri um það sem er að gerast í fræðunum og hef enn meira sjálfstraust til þess að láta í mér heyrna.

Iðjubjálfun

Nemendur í iðjubjálfun (starfsréttindanáminu) verja stærstum hluta námstímans á vettvangi eða samtals 800 stundum. Vettvangsnámið tilheyrir þremur námskeiðum, *þjónustu iðjubjálfa 1, 2 og 3* með stigvaxandi kröfum um færni við að sinna fólki með iðjuvanda. Í nýrri námskrá voru gerðar ákveðnar breytingar á skipulagi vettvangsnáms og þær helstu eru:

- Vettvangsnámið tilheyrir námskeiði sem inniheldur fræðilega innlög og námsmat.
- Nemendur eru fjóra daga vikunnar á vettvangi í stað fimm.
- Nemendur fá stuðning frá skólanum í leiðsagnar tímum, nær vikulega yfir tímabilið.
- Teymi er í kringum hvern nemanda (leiðbeinandi, leiðsagnarkennari, umsjónarkennari þjónustunám skeiðs og verkefnastjóri vettvangsnáms).
- Mat á frammistöðu nemenda fer fram rafrænt.

Hlutverk iðjubjálfa sem leiðbeinenda er í stórum dráttum að undirbúa komu nemans, sinna daglegri leiðsögn og meta frammistöðu hans. Til að styðja við leiðbeinendur hefur verið sett upp rafrænt námskeið í kennslukerfi HA auk þess sem haldinn er fundur skömmu áður en vettvangsnámstímabilið hefst. Leiðbeinendur þurfa að kynna sér hagnýtar upplýsingar um skipulag vettvangsnámsins og hvernig frammistaða nemenda er metin. Auk þess er fræðilegt efni aðgengilegt sem getur reynst gott tækifæri til símenntunar. Á tímabilinu gefst leiðbeinendum kostur á að mæta á fund með öðrum leiðbeinendum en tilgangurinn er að skapa samfélag leiðbeinenda sem styðja hver annan. Einnig geta leiðbeinendur tekið þátt í einum leiðsagnartíma með sínum nemanda.

Þórunn Sif Héðinsdóttir, iðjubjálfi á leikskólanum Lundarseli

Ég gerðist leiðbeinandi iðjubjálfanema í fyrsta skiptið haustið 2021. Ég ákvað að taka nema vegna þess að mig langaði til að spegla mig við einstakling úr mínu fagi og rifja upp fræðin. Ég leit á þetta sem nýja áskorun og í raun endurmenntun. Mig langaði líka að vekja áhuga annarra á starfi iðjubjálfa í leikskólum.

Ég og vinnustaðurinn minn græddum helling á að taka nema! Persónulega græddi ég mest á að geta talað „iðjubjálfamálið“ við einhvern sem skildi mig og einnig öðlaðist ég meira sjálfs-traust í starfi. Vinnustaðurinn naut auk þess góðs af, því það er alltaf gott að fá inn ferskt fólk með nýjar hugmyndir og nýja sýn. Það sér oft eitthvað sem starfsfólk vinnustaðarins sér ekki eða er hætt að sjá.

Þegar ég ákvað að taka nema þurfti ég að yfirstíga eigin hræðslu við að geta ekki kennt og komið efninu frá mér. Ég var líka stressuð að muna ekkert úr skólanum lengur! Satt best að segja langaði mig að hætta við þetta og hugsaði alltaf „hvað varstu að gera?!“ en sem betur fer tók ég stökkið í djúpu laugina og fékk til mín frábæran nema. Það var ótrúlega gefandi og skemmtilegur tími að hafa nema hjá mér – en á sama tíma líka krefjandi.

Ég hvet alla iðjubjálfa, sem geta, að taka nema því þetta er ótrúlega gefandi og lærdómsríkur tími. Það er frábært að fá verðandi iðjubjálfa til sín, spegla hugmyndir sínar og læra nýja hluti.

Markmið okkar er að leiðbeinendur hafi greiðan aðgang að stuðningi í gegnum framangreint rafrænt námskeið auk þess sem þeir geti leitað til leiðsagnarkennara, umsjónarkennara námskeiðs og verkefnastjóra vettvangsnáms í iðjubjálfun.

Þróunin heldur áfram en það er von okkar að fleiri iðjubjálfar bætist í hóp leiðbeinenda sem koma til með að taka þátt í þessari skemmtilegu vegferð.



Skynvitund - að skilja eigin skynjun

Nýtt fræðslunámskeið fyrir börn og foreldra þeirra

Við heyrum oftast talað um skynfærin fimm í daglegu tali. Það er sjón, heyrn, lykt, bragð og snertingu en sjaldan er talað um innri skynfæri líkamans sem eru þrjú og hvernig skynáreiti getur haft áhrif á líðan og hegðun barna og fullorðinna. Stundum verður skynáreitið á skynfærin það yfirþyrmandi að það dregur fram ótta, vanlíðan og kvíða og þá reynist öllum erfitt að ætla sér að einbeita sér við ýmsa iðju eins og lærdóm, leika við vini eða festa svefn að kvöldi. Einnig getur sumt skynáreiti ekki náð athygli skynfæra svo börnum hættir til að ná ekki á salernið í tæka tíð, finna ekki fyrir hungurtilfinningu eða seddu, skynja ekki sársauka eða gera sér ekki grein fyrir hitastigi umhverfis og klæða sig ekki í samræmi við það.

Börn og fullorðnir sem upplifa að þeirra skynjun á skynáreiti valdi þeim vanlíðan, kvíða, pirringi eða óöryggi eru mörg hver í þörf fyrir aukna vitund á eigin skynfærum. Það að skilja og átta sig á hvað er að gerast í líkamanum getur dregið úr neikvæðri upplifun. Það getur hjálpað þeim að vernda sig gegn óþarfa skynáreiti og að móta gagnlegar aðferðir til að takast betur á við þær áskoranir sem þeirra skynjun er að valda í ólíkum

aðstæðum. Þegar við þekkjum aðferðir og hjálpartæki sem henta í aðstæðum stuðlar það að meiri vellíðan, ró, jafnvægi og þátttöku á eigin forsendum.

Guðrún Hallgríms iðjubjálfi og Þorkatla Elín sálfræðingur hafa mikla reynslu af því að vinna með börnum, ungmennum og fullorðnum sem hafa verið að upplifa ýmsar áskoranir tengt skynáreiti. Aukin skynvitund hefur reynst mörgum gagnleg aðferð til að ná að vera við stjórnvölinn í aðstæðum sem áður reyndust mjög krefjandi og óþægilegar.

Þær munu bjóða upp á námskeiðið Skynvitund á þriðjudögum í vetur í Lífsgæðasetrinu St. Jó, Suðurgötu 41 í Hafnarfirði. Hægt er að nýta frístundastyrk upp í námskeiðsgjaldið og einnig bjóða mörg stéttarfélög upp á styrki tengt heilbrigðisþjónustu. Námskeiðið hefst 20. september og enn er hægt að skrá þátttöku barns og foreldris á námskeiðið.

Nánari upplýsingar má finna á
heimastyrkur.is og hloduloftid.is

Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir
iðjubjálfi með MA í öldrunarfræðum
Sigrún Jónsdóttir
ADHD- og einhverfumarkbjálfi
og þroskabjálfi



Vöxtur og vegferð

Í Lífsgæðasetrinu St. Jó í Hafnarfirði fer fram sjálfstyrkingar- námskeiðið Vöxtur og vegferð sem er fyrir fólk með greiningu eða grun um að vera á einhverfurófinu.

Námskeiðshaldarar eru Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir iðjubjálfi með MA í öldrunarfræðum og Sigrún Jónsdóttir ADHD- og einhverfumarkbjálfi og einnig þroskabjálfi. Þær eru báðar með starfstofur sínar í fallegu umhverfi St. Jó sem bera heitin: Heimastyrkur og Míró, markbjálfun og ráðgjöf. Í störfum sínum með börnum, ungu fólki og fullorðnum hafa þær mætt mörgum einstaklingum sem eru með greiningu eða grun um að vera á einhverfurófinu. Mörg þeirra eru með lítið sjálfstraust, eiga erfitt með að ráða við athafnir hversdagsins, eru lituð af brotnum samskiptum við fjölskyldu og vini og hefur gengið illa að feta sig í námi eða vinnu. Þessi reynsla hefur skapað ákveðinn vítahring sem margir eiga erfitt að komast út úr án ráðgjafar og stuðnings við daglega iðju og samskipti.

Uppsetning á námskeiðinu


Með sína ólíku sérfræðipækkingu ákváðu Guðrún og Sigrún að sameina krafta sína og útbjuggu sjálfstyrkingarnámskeiðið Vöxtur og vegferð sem hefur það markmið að veita þátttakendum sem eru 16 ára og eldri skilning á líðan sinni og færni við ýmsa iðju, tengt m.a. að sinna sjálfum sér, heimilishaldi, fjölskyldu og félagslegri þátttöku, námi og vinnu eftir því sem við á. Fræðslan fjallar m.a. um stýrifærni heilans, skynjun líkamans og skynúrvinnslu, félagslegan þroska og samskipti, greindarsviðin, áhugamál og jafnvægi í daglegri iðju. Auk þess eru upplýsingar veittar um gagnlegar aðferðir til að takast á við þann iðjuvanda sem getur átt sér stað og til að bæta líðan og heilsu. Unnið er út frá hugmyndafræði valdeflingar og boðið upp á verkefni sem styðja við skilning á eigin aðstæðum og persónulegan vöxt, auk þess sem kostur gefst á að setja sér markmið í lok námskeiðs sem styður við vegferð þeirra í lífinu.

Mikill jafningjastuðningur

Umræður tímana ýta undir jafningjafræðslu meðal þátttakenda og reynast oft mörgum mikill stuðningur. Námskeiðið fer fram sem bæði stað- og fjarnámskeið þar sem áhugi hefur kviknað gagnvart námskeiðinu víða um land og mikilvægt að búseta sé ekki hindrun. Mikil ánægja er meðal þátttakenda á námskeiðinu almennt, sem endurspeglast í námskeiðskönnun sem er lögð fyrir í lokin. Þar kemur fram að þeim finnst mikilvægt að geta deilt eigin reynslu, þeim líður vel í tímunum og upplifa fræðsluna gagnlega. Fyrirhugað er að útbúa framhaldsnámskeið og fræðslukvöld fyrir aðstandendur þar sem mörg þeirra upplifa skort á skilningi frá aðstandendum gagnvart þeirra áskorunum í daglegri iðju, heilsufari og líðan á fullorðinsárum.

Guðrún er iðjubjálfi með norrænt MA í öldrunarfræðum (NordMaG) og stofnandi iðjubjálfun Heimastyrkur þar sem hún veitir ráðgjöf, þjónustu og endurhæfingu, www.heimastyrkur.is Einnig veitir hún fjarheilbrigðisþjónustu á skjá fyrir þá sem eru búsettir úti á landi gegnum öruggan fjarfundabúnað auk ráðgjafar og þjónustu fyrir fyrirtæki, sveitarfélög og félagasamtök.





Iðjubjálfun, starfsendurhæfing og náttúrameðferð

Aðeins af sjálfri mér

Ég lærði iðjubjálfun í Álaborg í Danmörku, í Ergoterapeut- og Fysioterapeutskolen, og lauk námi árið 2000.

Eftir að ég lauk námi starfaði ég í Álaborg á bráðasjúkrahúsi og í grunnskóla með hreyfihömluðum og fjölfötluðum börn með sérþarfir. Ég flutti heim 2002 og starfaði á LSH í Fossvogi sem iðjubjálfi/fageiningarstjóri á ýmsum sviðum, s.s. barnadeild, öldrunardeild, heila- og taugadeild, bæklunarskurðeild og lyflækningasviði árin 2002–2004. Þessi ár var ég mjög dugleg að heimsækja Danmörku og fara á námskeið í A-ONE og AMPS-færnimati og sérstaklega áhugasöm um að meta færni við akstur og af endurhæfingu aldraðra í heimahúsum. Í lok árs 2004 sótti ég um starf sem iðjubjálfi á Þórshöfn hjá sveitarfélaginu Langanesbyggð og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga í heilsugæslunni með aðstöðu á Þórshöfn, Raufarhöfn og Kópaskeri. Þar hafði ekki verið starfandi iðjubjálfi áður

og því um nýtt stöðugildi að ræða. Ég var ráðin til að sinna starfsendurhæfingu á svæðinu á vegum starfsendurhæfingarinnar Byr sem nú kallast Starfsendurhæfing Norðurlands, í leik- og grunnskólanum ásamt hjúkrunarheimilinu Nausti. Ég hætti störfum hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga 2009 og hóf hlutastarf hjá Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga með aðsetur í grunnskóla Þórshafnar og sem verktaki. Ég tók að mér ýmis skemmtileg fræðsluverkefni fyrir þekkingarnet Þingeyinga, sótti námskeið á vegum Vinnueftirlitsins og gerði áhættumat í fiskvinnslufyrirtækjum.

Að starfa sem iðjubjálfi hjá sveitarfélagi og heilsugæslu var afar fjölbreytt, gefandi og lærdómsríkt. Ég tók ýmis námskeið til að auka við færni mína með börnum og öldruðum, t.d. um íþróttaiðkun aldraðra, stólaleikfimi og árangursríkar aðferðir til að kenna öldruðum, sensory profile, birtingu skynjunar, CAT-kassann, Eden-hugmyndafræðina, ART-Agression Replacement



Training (þjálfun í félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðisprosa) fyrir leikskóla- og grunnskólanemendur. Við förum í heilsueflandi heimsóknir til aldraðra í sveitarfélaginu og margt fleira.

Nú starfa ég sem framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingar Austurlands og hef gert síðan 2013 þegar ég flutti aftur á heimaslóðir, Egilsstaði. Ég hef alltaf verið stolt af því að vera iðjupjálfi og ég elska starfið mitt.

Ég á eina dóttur, tvo syni, einn ömmustrák og tengdason sem ég er ákaflega stolt af. Ég á kærasta sem deilir útivistaráhuganum með mér en ég sæki næringu og orku í náttúruna allan ársins hring. Fer mikið til fjalla í gönguferðir, fjallaskíðaferðir og finnst fátt betra en að tjalda á fjallstoppum. Hef einnig gaman af náttúruhlaupum, fjallahjóli og gönguskiðum, ásamt lestri góðra bóka, tónlist og samverustundum með fjölskyldu og vinum.

Ég hef alltaf haft gaman af að takast á við nýjar áskoranir og ögra sjálfi mér. Sem dæmi hjólaði ég Jakobsstíginn 2017, 900 km með vinum mínum á 13 dögum. Árið 2018 kláraði ég landvættinn í góðra vina hópi. Ég tók markþjálfunarnám hjá Profectus sem nýtist vel í mínu starfi sl. ár og um þessar mundir er ég í fjallamennskunámi við Framhaldsskólann á Höfn (FAS).

Starfsendurhæfing Austurlands (StarfA)

StarfA var formlega stofnuð 14. nóvember 2007 af 18 stofnaðilum á Austurlandi.

Hlutverk StarfA er að veita starfsendurhæfingu einstaklingum með heilsubrest sem standa utan vinnumarkaðar og eru að leita sér leiða inn á hann aftur.

Hugmyndin er sú að þátttakandinn komi með virkum hætti að sinni endurhæfingu strax í byrjun og beri þar með frá upphafi ábyrgð á sinni endurhæfingu.

Við erum með þjónustusamning við Virk Starfsendurhæfingarsjóð. Virk ráðgjafar á Austurlandi vísa einstaklingum í endurhæfingu til okkar. Við erum einnig með samstarfssamning við VMST í markvissri atvinnuleit – virkni og vellíðan. Eins getur félagsþjónusta sveitarfélaga vísað til okkar.



Mín helstu verkefni eru að bera ábyrgð á rekstri, rekstraráætlun, ársskýrslu og daglegri starfsemi, ásamt að skipuleggja dagskrá og úrræði. Stöðug endurskoðun þjónustuúrræða í samræmi við þarfir, væntingar og upplifanir þátttakenda hverju sinni, er afar mikilvæg.

Ráða starfsfólk, verktaka og gera verktakasamninga.


Vera í tengslum við fagfólk, stofnanir og atvinnurekendur. Teymisfundir, læknafundir, rýnifundir með Virk ráðgjöfum o.fl.

Sinna ráðgjöf/samtölum við þátttakendur, stuðningi og eftirfylgd. Samtölin fara gjarnan fram utandyrá í náttúrunni þegar við á.

Gera endurhæfingaráætlanir.

Sinni einnig sjálfsefningarnámskeiðum, s.s. í vinnuvistfræði, félagsfærni og náttúruumeðferð.

Við nýtum ýmis matstæki, s.s. mat á starfshlutverki (WRI), mat á starfsumhverfi (WEIS), mat á framkvæmd vinnu (AWP), COPM, iðjuhjólíð, hlutverka- og áhugalistann.





Lögð er áhersla á að nýta styrkleika og mannauðinn í nærsamfélaginu. Hjá StarfA eru tveir ráðgjafa – auk mín er Íris Lind Sævarsdóttir og fjöldi verktaka en án þeirra væri ekki StarfA. Flestir hafa verið með til fjölda ára. Starfsstöðvarnar eru tvær; á Reyðarfirði og á Egilsstöðum.

Markmið StarfA er að veita fyrirmyndarþjónustu á sviði starfsendurhæfingar á Austurlandi. StarfA leggur mikla áherslu á að skapa jákvætt, glaðlegt, hlýlegt og hvetjandi viðmót/andrusloft.

Þjónustuúrræði

Starfsendurhæfing Austurlands býður upp á einstaklings- og hópúrræði. Boðið er upp á mismunandi endurhæfingarleiðir, s.s. mat á stöðu og atvinnutengda einstaklingsmiðaða endurhæfingu og fjölbreytt stök úrræði.

Endurhæfingin miðar að því að þátttakandinn fari í vinnu og/eða nám til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Lengd endurhæfingar ræðst af þörf hvers og eins í samráði við Virk Starfsendurhæfingarsjóð/ráðgjafa og annað fagfólk.

Þátttakandinn getur tekið þátt á vinnumarkaði hvenær sem er í ferlinu samhliða endurhæfingu og/eða námi þegar hann er tilbúinn til og hvattur til þess.

Leitast er við að mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur og meta reglulega framvindu og endurhæfingarpörf í samráði við þátttakandann sjálfan og annað fagfólk sem kemur að endurhæfingu viðkomandi.

Hlutverk ráðgjafa er að sinna stuðningi og eftirfylgd með framvindu endurhæfingar. Aðstoða þátttakandann við að koma auga á lausnir og efla þátttakandann í að ná valdi yfir aðstæðum sínum og lífi.

Þörf þátttakenda á fjölbreyttri einstaklingsráðgjöf hefur aukist síðastliðin ár, s.s. fjármálaráðgjöf, fjölskylduráðgjöf, næringarráðgjöf og náms- og starfsráðgjöf til viðbótar við sálfræðimeðferð, félagsráðgjöf, iðjupjálfun og sjúkrapijálfun. Markþjálfun nýtist einnig mörgum vel.



Sérstaða endurhæfingarstöðva er sú að þar gefst þátttakanda möguleiki á að vera hluti af hóp, að tilheyra hóp, hver og einn skiptir máli. Þar er tækifæri á að komast í daglega rútínu, auka daglega virkni og fá félagsskap. Fá stuðning og hvatningu frá fagfólki/leiðbeinendum og veita öðrum þátttakendum jafningjastuðning. Ræða málín við aðra í sömu stöðu og með sömu markmið, að ná betri líðan, heilsu og taka þátt í samfélaginu á ný. Eins að byggja upp gott meðferðarsamband sem er eitt það mikilvægasta í endurhæfingarferlinu.

Endurhæfingin inniheldur:

- Sjálfsefingarnámskeið/fræðslu, hópefli og líðan og spjall.
- Heilsuefingu innandyrna og úti í náttúrunni.
- Vinnusmiðjur eru gríðarlega mikilvægur þáttur. Þar er tækifæri til að kynnast og fá áhuga á nýrri tómstundaiðju, iðju sem veitir gleði og ánægju, hefur gildi og tilgang. Auka trú á eigin getu. Tækifæri til að leiða hugann að öðru, efla samskiptafærni í hóp, gefa af sér til samfélagsins, að hafa tilgang.
- Starfsþjálfun á vinnustað í 8–12 vikur. Stigvaxandi virkni á vinnustað.

StarfA leitar leiða til að efla og þróa nýja og árangursríka þætti í þjónustu í samstarfi við ráðgjafa, starfsmenn og þátttakendur.

Í því sambandi kom upp sú hugmynd að búa til „hugmynda-banka“. Þar gefst þátttakendum tækifæri á að koma með hugmyndir að iðju sem þá langar til að prófa, gæti tengst áhugasviði, að takast á við nýjar áskoranir og fara út fyrir þægindarammann, en þannig vöxum við, öðlumst sjálfstraust og eignumst áhugamál. Svo er líka mikilvægt að leika sér og hafa gaman í lífinu. Sem dæmi höfum við farið á hestbak, gönguskíði, fjórhjól, í zúmbo, bogfimi, frísbíggj, karíokí, hjólatúr o.fl.

Sem dæmi þar um eru tvö ný úrræði; listmeðferð og náttúru-meðferð.

Listmeðferð í umsjón Írisar Lindar Sævarsdóttur verðandi listmeðferðarfræðings. Þar er unnið með tengingu við náttúruna. Skoðum hvernig tengsl við höfum átt við náttúruna hingað til í

lífi okkar, hve mikið við höfum sótt í hana og á hvaða stundum í lífinu. Náttúran er síðan rauður þráður í gegnum flest verkefni sem við vinnum með á einn eða annan hátt.

Hver tími byrjar úti í náttúrunni þar sem við göngum saman, skoðum, veitum athygli, hlustum, vinnum verkefni og nýtum okkur styrk og orku náttúrunnar inn í daginn. Tímarnir eru bland af verkefnum úti í náttúrunni og innandyrna, allt eftir því hvernig viðrar og hver verkefnin eru hverju sinni. Það sem við skoðum í þessari vinnu snýr að sjálfsmynd okkar og hvernig hún hefur mótast í gegnum lífið. Hvað hefur haft mest áhrif á líðan okkar og hegðun, hvernig við tökumst á við mismunandi tilfinningar sem við upplifum og hvernig sjálfsmynd okkar hefur mótast í samskiptum við aðra. Engin krafa er um nokkra kunnáttu eða getu í myndlist, markmiðið er að njóta þess að skapa og kynnast sjálfum sér betur í gegnum sköpunarferlið.

Náttúru-meðferð, áskoranir og ævintýri í austfirskri náttúru

Ég hef lengi verið mjög áhugasöm um náttúru-meðferðarfræði (e. adventure therapy). Ég var þeirrar gæfu aðnjótandi að vera mikið í náttúrunni sem barn og hef ávallt sótt mikið í hana, því þar líður mér alltaf vel. Örfakyrriðin, ilmurinn, mosinn, haustlitirnir, lækjarniður – þar er svo gott að vera í fullri vitund. Losa um streitu og spennu, sækja orku og takast á við áskoranir. Það var þó ekki fyrr en á fullorðinsárum sem ég áttaði mig á hversu mikilvæg náttúran er mér og fyrir okkur. Það hefur



aldrei verið eins mikilvægt og nú að halda í tengslin og verja tíma í náttúrunni. Tengslin við náttúruna snúast líka um að gefa til baka, það kemur þegar við verjum tíma í náttúrunni, þá förum við að bera meiri virðingu fyrir henni, hlúa að henni og umhverfisvitundin eykst.

Árið 2019 sótti ég Evrópuráðstefnu í náttúrameðferðarfræði í Schwangau í Þýskalandi ásamt Hildi Bergsdóttur félagsráðgjafa og fleiru góðu fólki. Sama ár stóðu samtök áhugafólks um náttúrameðferð á Íslandi (NÚM), þar sem Harpa Ýr Erlendsdóttir er í fararbroddi, fyrir námskeiði í Þórsmörk sem bar heitið Exploring key elements of adventure therapy in Icelandic nature. Í framhaldi ákváðum við Hildur að bjóða upp á náttúrameðferðarúræði á Austurlandi.

Það er ætlað ungu fólki 18–25 ára sem vill taka ábyrgð og stjórn á eigin lífi, kynnast eigin styrkleikum, tækifærum og er tilbúið að leggja á sig. Það byggir á hugmyndafræði reynslunáms (e. experiential learning) auk fjölbreyttrar meðferðarnálgunar sem miðar að sjálfsskoðun og sjálflærdómi í hóp.

Í reynslunámi er lærdómur fólgin í að framkvæma athafnir, reyna nýjar upplifanir á eigin skinni og fíkra sig utan marka þess sem telst þægilegt og öruggt. Meðferðin fer fram úti í náttúrunni sem hjálpar til við að skapa öruggt umhverfi og efla núvitund, fjarri ys og þys daglegs lífs.

Þar hafa þátttakendur möguleika til að takast á við skemmtilegar áskoranir og verkefni, öðlast nýja reynslu og auka þannig sjálfsþekkingu sína. Sú reynsla sem skapast getur þannig nýst þeim til að takast á við flóknar aðstæður í daglegu lífi í því krefjandi samfélagi sem við búum í.

Verkefnin reyna á tilfinningalega, líkamlega og vitræna getu þátttakenda og hafa það markmið að bæta upplifun þeirra á sjálfum sér, efla seiglu og trú á eigin getu. Í þessu lærdómsferli felst ígrundun á eigin sýn og tilfinningar, endurskoðun á eigin gildum, viðhorfum og hegðun.

Þátttakendur eru studdir til að koma auga á tækifæri til að



auka færni og þekkingu og yfirfæra lærdóminn á daglegt líf. Hópurinn sjálfur er stór hluti af meðferðinni þar sem hún byggir á jafningjastuðningi, samvinnu, tilfinningunni að tilheyra og tjá upplifun og líðan.

Meðferðarúræðið telur 12 vikur og byggist á vikulegum náttúrufundum þar sem hópurinn fer út í óspillta náttúru og vinnur ýmis verkefni. Í lok viknanna 12 verður farið í 5–7 daga ferð í óbyggðir. Þátttakendur fá eftirfylgdarviðtöl til að styðja við yfirfærslu nýfenginnar þekkingar og færni á daglegt líf og endurmat á eigin stöðu. Því miður hefur COVID-19 haft áhrif á áformin en við munum fara af stað með hóp í haust.

Heimasíða: www.starfa.is

Facebook: **Starfsendurhæfing Austurlands**

Takk fyrir mig



Nám í Svíþjóð, vinna á Íslandi

Vera Sigurðardóttir heiti ég og er 26 ára iðjubjálfi. Ég útskrifaðist úr iðjubjálfunarfræði við háskólann í Linköping í Svíþjóð í júní 2018.

Í kjölfarið flutti ég aftur heim til Íslands sumarið 2018 og hóf störf sem iðjubjálfi á Æfingastöðinni. Ég fékk góða aðlögun á Æfingastöðinni þar sem fyrir voru margir og frábærir iðjubjálfar. Það sem mér fannst hjálpa mér í nýja starfinu var m.a. sænskukunnátta mín en Svíar hafa skrifað þónokkuð um iðjubjálfun og börn, sem er skjólstæðingahópur Æfingastöðvarinnar. Ég sótti ráðstefnur, námskeið og var í umræðuhópum og þar gat ég stundum notið góðs af sænskukunnáttunni og þýtt efni sem nýttist í starfi.

Nú starfa ég á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði og vinn þar með breiðan skjólstæðingahóp. Í náminu úti fannst mér m.a. gaman að læra um svokallað AKK (alternativ och kompletterande kommunikation), þ.e. að finna leiðir til þess að auðvelda samskipti fyrir fólk sem á í erfiðleikum með

að tjá sig. Ég hef getað prófað mig áfram í þessu og unnið með samskiptabækur, myndmál, kynningarspjöld o.fl. úr því efni sem ég lærði úti og stuðst við sænska síðu til þess að nota myndir úr.

Í verknámi úti kynntist ég einnig mikilvægi hjálpartækja sem snúa að vitrænni getu skjólstæðinga og var stundum hægt að sækja um þau í gegnum kerfið, t.d. tímavaka, dagatöl með ljósum o.fl. Þessi „vitrænu hjálpartæki“ nota margir iðjubjálfar nú þegar á Íslandi og notaðist ég oft við myndrænt skipulag á Æfingastöðinni en þetta er vettvangur sem mig langar að kynna mér betur og nýta meira í starfi. Mér fannst gaman að sjá að mikið af þeim matstækjum sem ég lærði á úti eru notuð hér heima og hafa mörg hver verið þýdd á íslensku. Ég hef einnig stundum stuðst við önnur matstæki og spurningalista frá Svíþjóð til þess að afla á óformlegan hátt frekari upplýsinga um skjólstæðinginn.

Myndir af heimsráðstefnu í París





Iðjubjálfun í Búlgaríu

Til að gefa innsýn í líf mitt sem iðjubjálfi þarf ég að byrja á að segja frá síðastliðnum þremur árum. Ég hef búið í Montana í Búlgaríu í 14 ár. Hér er akurinn fyrir iðjubjálfun að miklu leyti óþægður en ekki alltaf auðvelt að fá aðgang að þessum akri, þó svo að margt hafi breyst síðustu ár. Eftir mikla leit að vinnu sem iðjubjálfi byrjaði ég að vinna sem fóstara á barnaheimili fyrir börn með skerðingar. Skerðingarnar eru margs konar, frá börnum með Downs-heilkenni yfir í börn með svo miklar líkamlegar skerðingar að þau geta ekkert hreyft sig. Margar af líkamlegu skerðingunum eru vegna þess að þau ólust upp á barnaheimilum sem ekki eru leyfð lengur. Þar bjuggu um 200 börn á einu heimili og voru aldrei tekin fram úr. Aðstæður í Búlgaríu núna eru mjög góðar en viðhorfið er enn frá steinöld. Það var erfitt að komast framhjá stöðlum sem unnið var eftir og mér gekk erfiðlega að vinna með börnunum þá átta mánuði sem ég var á barnaheimilinu. Ég var lögð í einelti af sumu starfsfólki því ég var hvorki sammála ofbeldi gagnvart börnum né sveltí sem leið til að refsa. Það var erfitt að horfa upp á aðstæðurnar en trúið mér þegar ég segi að ég gerði allt sem í mínu valdi stóð til að vera börnunum stuðningur og hjálp. Hendur mínar voru hins vegar að miklu leyti bundnar þar sem börnunum var refsað fyrir þá athygli sem ég veitti þeim. Ég hef haldið áfram að heimsækja heimilið síðan ég hætti og þessi börn munu alltaf eiga sérstakan stað í hjarta mínu.

Ég fékk hringingu frá sjálfum borgarstjóra Montana þar sem hann bað mig um að starfa í forvörnum gegn fíkniefnum og öðrum ávanabindandi efnum. Ég var upp með mér, orðin mjög andlega niðurbrotin eftir vinnuna á barnaheimilinu og tók því boði. Hér fékk ég tækifæri að fara inn í alla skóla í okkar héraði og kynntist börnum og unglingum í ýmiss konar vandræðum. Þar gafst tækifæri til að vera stuðningur fyrir þau sem höfðu ekki stuðning heima fyrir og beina þeim á rétta braut í lífinu.

Ég vann með sjálfboðaliðum og fékk að kynnast skólastarfi frá öðru sjónarhorni. Krakkarnir voru hreinskilnir og opnir varðandi líf sitt svo ég fékk góða innsýn í hvernig það er að vera barn og unglingur í Montana. Á þessum tíma hjálpaði ég borginni að sækja um Evrópusamstarf í samvinnu við Hringsjá á Íslandi um að stofna æskulýðsmiðstöð í Montana. Þegar ég var búin að vinna í ár í forvörnum byrjaði samvinnan við Hringsjá formlega og borgarstjórinn bauð mér að vera í teyminu sem æskulýðsleiðtogi. Þetta hljómaði skemmtilega og ég tók því sem enn öðru tækifæri. Borgarstjórinn kom með í heimsókn til Íslands, fékk innsýn í annan og einstakan hugsunarhátt Hringsjár og sá ýmislegt sem er ábótavant hjá okkur í Montana. Heimsóknin gekk vonum framar, samstarfið er enn í fullum gangi og við hlökkum mikið til að halda því áfram.

Ég stoppaði hins vegar stutt á æskulýðsmiðstöðinni því fimm dögum eftir að ég byrjaði þar boðaði borgarstjórinn mig enn og aftur á fund og sagði mér að það hefði losnað pláss í stjórnsýslunni. Hann bað mig um að taka við starfi sem sérfræðingur í fjárfestingarstefnu og félagssamtökum í Montana. Ég bjóst alls ekki við þessu tilboði og var tvístígandi því mig langar helst til að vinna á gólfinu, sérstaklega með börnum, og var ekki viss hvort þetta væri eitthvað fyrir mig. Hann var þó alveg sannfærður um að starfið myndi henta mér og að reynsla mín myndi nýtast mér vel. Smátt og smátt sá ég að hann hafði rétt fyrir sér. Ég var búin að kynnast nær öllum stofnunum Montana og ég vissi hvað var gott og hvað vantaði. Ég gat komið með hugmyndir að verkefnum sem borgin ætti að fjárfesta í, gat sótt um námskeið fyrir starfsfólk skóla og annarra stofnana eins og barnaheimilisins. Ég vann mjög náið með varaborgarstjóra Montana og er hann yfir allri samfélagsþjónustu borgarinnar. Þessi samvinna þýddi að hendur mínar voru ekki lengur bundnar hvað varðaði ofbeldið og fleira á barnaheimilinu. Með tímanum gat ég deilt með honum hver staðan er inn á

barnaheimilinu og fékk stuðning við að breyta verklaginu þar. Ég fæ einnig tækifæri til að hjálpa við ráðningar inn á þessar stofnanir og það er hlustað af miklum áhuga á mitt sjónarhorn vegna menntunar minnar sem iðjupjálfi. Við höfum farið af stað með að byggja upp teymi, ráðið inn sérfræðinga til að vinna með starfsfólki, aukið sjálfbærastarf og sótt um fleiri verkefni hjá Evrópusambandinu í samstarfi við Ísland og aðrar þjóðir þannig að við getum lært af góðri reynslu og þekkingu annars staðar. Ég tek einnig á móti sendiherrum og öðrum erlendum aðilum sem gætu tekið þátt í okkar fjárfestingarstefnu. Ég er umsjónarmaður samstarfs við ellefu systurborgir Montana, þannig að ég fæ að ferðast þónokkuð, bæði innan Búlgaríu og til annarra landa.

Þegar ég var í iðjupjálfnáminu var mér alltaf sagt að iðjupjálfar gætu unnið alls staðar og virkilega unnið að bættum lífsgæðum á öllum sviðum. Ég er þakklát fyrir mína menntun og fyrir þá innsýn sem hún hefur gefið mér í líf fólks á öllum stigum samfélagsins. Að vera iðjupjálfi gefur mér einstaka sýn á lausnir sem ég get núna nýtt á stjórnunarstigi borgarinnar, en það er hægt vegna þess að það er einhver tilbúinn að hlusta og gefa mér þetta einstaka tækifæri sem ég mun alltaf vera þakklát fyrir!

Verkefni nemenda í iðjupjálfunarfræði:

Í námskeiðinu *Fræðileg skrif og gagnreynt starf*, sem kennt er á þriðja námsári í iðjupjálfunarfræði, unnu nemendur fræðilega samantekt um efni að eigin vali.

Samantektin flokkaðist undir kortlagningaryfirlit og var unnið eftir vinnulagi Arksey og O'Malley (2005). Til að kynna niðurstöður sínar útbjuggu nemendur síðan veggspjöld sem við deilum hér með ykkur. Viðfangsefni þeirra eru fjölbreytt og eiga án efa erindi til starfandi iðjupjálfa.

Hér á eftir koma kynningarspjöld nemanna frá námskeiðinu. Við vonum að þið hafið gagn og gaman af.

*Linda Björk Ólafsdóttir
og Sigrún Kristín Jónasdóttir,
umsjónarkennarar námskeiðsins
Fræðileg skrif og gagnreynt starf vorið 2022.*

Hlutverk iðjubjálfa í meðferð við fíkn

ÁHRIF FÍKNISJÚKDÓMS Á IÐJU, HEILSU OG VELLÍÐAN

Bakgrunnur

Óhófleg og regluleg áfengis- og vímuefnaneysla getur valdið ýmsum andlegum- og líkamlegum heilsufarskvillum og jafnvel leitt til dauða. Fíkn er flókinn sjúkdómur þar sem einstaklingur hefur ekki stjórn á eigin hegðun og notkun vímuefna þrátt fyrir skaðlegar afleiðingar. Sjúkdómurinn getur haft neikvæð áhrif á iðjulíf og sjálfsmynd fólks. Þátttaka í iðju er mikilvæg og stuðlar að bættri heilsu og vellíðan. Iðjubjálfar hafa sérfræðipækkingu á þeim atriðum sem snúa að iðju, heilsu og færni einstaklingsins, en þó koma iðjubjálfar takmarkað að meðferð við fíkn á meðferðarstofnunum á Íslandi.

Rannsóknarspurning

Hvaða gögn eru til um hlutverk iðjubjálfa í meðferð við fíkn fyrir fullorðna?

Aðferð


Aðferð Arksey og O'Malley (2005) fyrir kögunaryfirlit var notuð til að safna gögnum og skipuleggja þau. Leitarorðin voru „occupational therapy“, „substance abuse“, „drug abuse“ og „alcohol abuse“. Notaðir voru gagnagrunnarnir EbscoHost, Scopus og Web of Science. Skilyrði voru að greinarnar væru rannsóknir; ritrýndar; gefnar út á árunum 2011-2021; á ensku; birtar í Bandaríkjunum eða Evrópu; og innihéldu leitarorðin. Alls fundust 12 rannsóknir sem svara spurningunni, þar af voru sjö meginlegar, tvær með blandað rannsóknarsnið og þrjár eigindlegar. Ekki voru teknar rannsóknir á annarskonar fíkn eða með þátttakendum undir 18 ára aldri.

Kanadíska iðjulíkanið

Kanadíska starfslíkanið lýsir samspili einstaklings, iðju og umhverfis þar sem útkoman er framkvæmd iðju og hlutdeild í iðju. Hlutdeild í iðju er ekki sýnileg í líkaninu en er mikilvæg útkoma íhlutunar iðjubjálfa. Niðurstöður kögunaryfirlitsins voru settar fram í þremur flokkum þar sem víddir Kanadíska iðjulíkansins voru hafðar til hliðsjónar.

Niðurstöður

Rannsóknir voru flokkaðar eftir því hvort þær einblindu á áhrif fíknisjúkdóms á einstakling, iðju eða umhverfi og öfugt. Einnig voru teknar saman upplýsingar úr rannsóknunum um störf iðjubjálfa og hvernig þeir geta unnið með skjólstaðingum í bataferli.



Umræður

Varpað var ljósi á hvernig iðjubjálfar geta starfað með fólki í meðferð vegna fíknisjúkdóms, bæði sem hluti af þverfaglegu meðferðarteymi og sjálfstætt með einstaklingnum. Að byggja upp iðjulíf og iðjusjálfi einstaklinga í meðferð við fíkn stuðlar að bata og hindrar bakslag. Í takt við Kanadíska iðjulíkanið sést í niðurstöðunum mikilvægi þess að iðjubjálfar horfi á samspil einstaklings, iðju og umhverfis og byggja þjónustu sína á því. Þetta samspil hefur greinileg áhrif á fíknisjúkdóm og fíknisjúkdómur hefur greinileg áhrif á þetta samspil. Því þurfa iðjubjálfar sérstaklega að horfa á þessa þætti og koma auga á hvata og hindranir sem leynast í tilteknum þáttum í starfi sínu með fólki í meðferð við fíkn. Við heimildaleit kom í ljós að fáar nýlegar rannsóknir hafa verið gerðar sem svara rannsóknarspurningunni. Frekari rannsóknir þurfa að skoða sýn og upplifun notenda ásamt því að fá sýn iðjubjálfa á því að starfa með þessum hópi.

Höfundar

Aldís Anna Höskuldsdóttir, ha190423@unak.is
Elvý Rut Búadóttir, ha190115@unak.is
Rúna Dís Jóhannsdóttir, ha190541@unak.is



Heimildir

Arksey, M. og O'Malley, L. (2005). Scoping studies: Toward a methodological framework. *International journal of social research methodology*, 8(1), 19-32.



Heiðraðu hundinn vegna húsbónda hans

Áhrif hunda á lífsgæði og andlega líðan

Bakgrunnur

Líf manna og hunda hefur verið samtvinnað í gegnum aldirnar og eru þeir eitt af algengustu gæludýrunum á Íslandi. Hundahald getur haft áhrif á lífsgæði og andlega heilsu. Hlutverkið tengist hlutdeild í iðju, þátttöku og virkni daglegs lífs.

Rannsóknarspurning

Hver eru áhrif hundahalds á lífsgæði og andlega heilsu fólks?

Aðferðafræði

Stuðst var við fimm þrepa aðferð Arskey og O'Malley (2005) um gerð kögunaryfirlits. Leitarvélarnar EBSCOHost, Web of Science, Scopus og ProQuest voru notaðar við gagnaöflun.

Leitarorðin voru á ensku og voru byggð á hugtökum um andlega heilsu, lífsgæði og hunda.

Alls voru 19 greinar notaðar í kögunaryfirlitið, þar af 11 með meginndlegu sniði, 5 með eigindlegu og 3 með blönuðu sniði.

Heimildir

Arksey, H., og O'Malley, L. (2005). Scoping studies: Towards a methodological framework. *International Journal of Social Research Methodology*, 8(1), 19-32.

Hafa má samband við Söndru Lynch (ha190748@unak.is) fyrir frekari upplýsingar.


Niðurstöður

Lífsánægja og vellíðan

Lífsánægja og vellíðan jókst við framkvæmd athafna tengdum hundum. Hegðunarvandi hunda og skuldbindingin gat haft neikvæð áhrif á líðan. Ósamræmi er í niðurstöðum hvort áhrif hundahalds á vellíðan og lífsánægju séu nægileg til að teljast marktæk.

Andleg heilsa

Erfitt er að greina áhrif hundahalds á andlega heilsu vegna samverkandi þátta. Hundahald hafði almennt jákvæð áhrif á lundarfar, minnkaði streitueinkenni og dró úr einmannaleika. Hlutverkið gat valdið kvíða eða vanlíðan vegna óæskilegrar hegðunar hundsins og skuldbindinga.



Félagslegur stuðningur og samskipti

Hundarnir voru hluti af fjölskyldunni og þeir styrktu félagslegt tengslanet eigenda. Þeir höfðu róandi áhrif sem auðveldaði samskipti við annað fólk.

Hreyfing og virkni

Hundaeigendur hreyfðu sig meira en þeir sem ekki áttu hunda. Hreyfingin hafði þó ekki bein áhrif á andlega heilsu eigenda en þeir voru oftast meðvitaðari um heilsu sína.

Samantekt

Órjúfanlegur hluti lífsgæða og almennrar heilsu eru lífsánægja og vellíðan, andleg heilsa, félagslegur stuðningur og samskipti ásamt hreyfingu og virkni. Þemun fjögur eru samtengd og hafa áhrif á hvert annað. Almennt eru rannsóknir margþættar og gefa vísbendingar um ólík áhrif hundahalds.

Hundar höfðu jákvæð, hlutlaus og neikvæð áhrif á heilsu og lífsgæði fólks. Niðurstöður sýndu fram á aukna vellíðan, virkni og færri einkenni þunglyndis, streitu og kvíða.

Athugavert er að ákveðinn hópur sækir í félagslegan eða andlegan stuðning frá hundum.

Mikilvæg innsýn fæst við þekkingu á áhrifum hunda á líf eigenda. Iðjuþjálfar geta nýtt sér þekkinguna til að efla heilsu, virkni og líðan hundaeigenda.

Frekari rannsóknir

Þörf er á frekari rannsóknum innan iðjuþjálfunar og öðrum heilbrigðisstétum hérlendis um áhrif hundahalds.

Teymið

Guðmunda Steina Józefsdóttir
Hugrún Erla Karlsdóttir
Sandra Kristín D. Lynch
Unnur Oddný Einarsdóttir



HEILBRIGÐISSVIÐ FASTUS BÝÐUR UPP Á HEILDARLAUSNIR Í HJÁLPARTÆKJUM

Sérhæft fagfólk Fastus leggur metnað sinn í aðstoða fólk við val á vörum/tækjum.
Pantaðu tíma í ráðgjöf í síma 580 3900 og við finnum bestu lausnina fyrir þig.

Fastus er með samninga í gildi við Sjúkratryggingar Íslands:

- Hjólastólar og gönguhjálpartæki
- Vinnustólar og sérstakir barnastólar
- Bað- og salernishjálpartæki
- Sjúkrarúm og fólkslyftarar

